



HÉRAÐSDÓMUR
AUSTURLANDS

D Ó M U R

23. október 2013

Mál nr. S-44/2013:

Ákærandi: Ríkissaksóknari
(*Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari*)

Ákærði: X
(*Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl.*)

Dómarar: Hildur Briem héraðsdómari, Halldór Halldórsson héraðsdómari og
Ólafur Ólafsson héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Austurlands miðvikudaginn 23. október 2013 í máli nr. S-44/2013:

Ákærvaldið

(Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari)

gegn

X

(Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 25. september sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 23. júlí 2013, á hendur X, [kt.], með lögheimili að [...], en með dvalarstað í fangelsinu að Litla-Hrauni, „fyrir manndráp, með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 7. maí 2013, veist að [A], [kennitala], á heimili hans í íbúð [...] að [...] á Egilsstöðum, og banað honum með því að stinga hann tvisvar sinnum með hnífi í brjóstið og gengu hnífstungurnar í hægri hjartahólf og í framhaldi stungið hann ítrekað í háls, andlit, höfuð, hægri handlegg og vinstra læri, allt með þeim afleiðingum að [A] hlaut bana af.“

Í ákærskjali er brot ákærða talið varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og er þess þar krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er þess aðallega krafist að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins, en til vara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er þess krafist að sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða.

Við upphaf aðalmeðferðar málsins 29. ágúst sl. gengu dómendur og sakflytjendur, ásamt E rannsóknarlögreglumanni, á vettvang að [...], Egilsstöðum, í íbúð brotþola nr. [...] og umhverfis fjölbýlishúsið. Framhald aðalmeðferðar málsins fór fram 25. september sl.

I

Málsatvik

Málsatvik, eins og þeim er lýst í frumskýrslum lögreglu, eru þau að kl. 00:50 aðfaranótt þriðjudagsins 7. maí 2013 barst lögreglunni á Egilsstöðum tilkynning í gegnum fjarskiptamiðstöð lögreglu þess efnis að maður, sem kynnt hefði sig sem X, hafi sagst hafa lent í átökum við annan mann í íbúð [...] í fjölbýlishúsi að [...], Egilsstöðum, og sá væri meðvitundarlaus. Hafi vakthafandi lögreglumaður þegar farið á vettvang ásamt sjúkraliði og lækni, auk þess sem lögreglumaður á bakvakt hafi verið ræstur út. Utan við íbúð [...] á þriðju hæð fjölbýlishússins, þar sem ákærði sé skráður

til heimilis, hafi þeir hitt fyrir ákærða ásamt hundi sínum. Hurð að íbúðinni hafi verið læst og hafi ákærði borið því við að hafa óvart læst sig úti er hann var að hleypa hundi sínum út. Ákærði hafi hvorki kannast við að hafa hringt í Neyðarlínuna né við að hafa lent í útistöðum við annan mann, enda þótt honum væri kynnt að símtalið hafi borist úr símanúmeri síma sem hann hafi reynst hafa í fórum sínum. Ákærði hafi virst ölvaður en ekki hafi verið á honum sjáanlegir áverkar. Sambýliskona ákærða, sem reynst hafi heima við ásamt ungu barni þeirra, hafi tjáð lögreglu að hún hefði ekki orðið vör við neitt óeðlilegt og að aðrir en þau ákærði og barn þeirra hefðu ekki verið í íbúðinni. Leitað hafi verið í íbúðinni og á svölum hennar, auk þess sem gengið hafi verið í kringum fjölbýlishúsið og gætt sérstaklega að svæði fyrir neðan svalir íbúðarinnar. Engin ummerki um átök eða neitt annað óeðlilegt hafi verið þar að sjá og enginn hafi sést á ferli. Hafi sameiginleg niðurstaða lögreglu og sjúkralíðs verið sú að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar.

Morguninn eftir, kl. 8:32, hafi lögreglu borist tilkynning um mann sem lægi í blóði sínu á svölum fjölbýlishúss við [...]. Á vettvangi hafi tilkynnandi, íbúi í aðliggjandi íbúð, vísað á mann liggjandi á svölum íbúðar [...], skráðu heimili A. Íbúðin hafi reynst ólæst. Hafi maðurinn legið á svölunum þannig að fætur hans hafi verið inni í íbúðinni en höfuðið legið yst á svölunum. Líkami mannsins hafi verið orðinn kaldur og mikill blóðpollur út frá efri hluta líkama hans. Læknir hafi úrskurðað manninn látinn. Hafi ummerki verið talin benda til þess að hinn látni hefði verið dreginn eftir gólfinu að svaladyrunum. Ljóst hafi þótt að andlát mannsins hafi borið að með voveiflegum hætti.

Í ljósi aðstæðna á vettvangi og útkallsins fyrir um nóttina hafi lögregla farið að íbúð ákærða sem sé beint fyrir ofan íbúð hins látna. Ákærði, sem þar hafi verið sofandi í rúmi sínu, hafi verið handtekinn kl. 8:45 vegna gruns um alvarlega líkamsárás. Hafi lögregla veitt því eftirtekt að fatnaður sem ákærði hafi klæðst um nóttina, brúnar gallabuxur og sokkarar, hafi legið í eldhúskrök íbúðarinnar en ljós yfirhöfn hafi verið á gólfi svefnherbergisins. Vegna rannsóknarhagsmuna hafi sambýliskonu ákærða verið gert að yfirgefa íbúðina ásamt ungu barni þeirra, en hundur á heimilinu hafi verið skilinn eftir.

Í kjölfar handtöku ákærða leitaði lögreglustjórinn á Eskifirði eftir aðstoð tæknideildar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu (LRH) og var teymi rannsóknarlögreglumanna og sérfræðinga í framhaldi af því sent til Egilsstaða. Þá var ákærði samdægurs úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi, sem hann hefur sætt síðan. Réttarlæknisskoðun á ákærða fór einnig fram samdægurs.

Af rannsóknargögnum verður ráðið að vettvangur bæði í íbúð brotaþola og íbúð ákærða hafi verið til rannsóknar, auk þess sem leitað hafi verið að munum tengdum verknadnum í sameiginlegum rýmum fjölbýlishússins að [...] og í grennd

við það. Þá var við frumrannsókn málsins rætt við fjölda íbúa í húsinu og í nærliggjandi fjölbýlishúsi.

Á sturtubotni á baðherbergi í íbúð brotþola fannst búrhnífur, 26 sm langur, með svörtu plastskefti. Var hnífsblaðið bogið og hafði brotnað af því framanverðu. Svart plastbrot fannst á gólfi í holi íbúðarinnar sem talið var úr skafti hnífsins. Blóðslóð lá úr stofu íbúðarinnar út á svalir þar sem brotþoli fannst látinn. Í stofu íbúðarinnar var enn fremur lagt hald á áfengisumbúðir sem teknar voru til fingrafararannsóknar. Í íbúð ákærða var lagt hald á fatnað sem hann var talinn hafa klæðst er lögregla hafði afskipti af honum um nóttina og var hann rannsakaður með tilliti til ummerkja um blóð. Síðar kom í ljós að ákærði hafði skilið eftir skó sína í forstofu íbúðar brotþola, en þar, á neðanverðum hurðum fataskáps, fann tæknideild LRH nokkra litla dropa af ætluðu blóði. Að niðurstöðum vettvangsrannsóknar lögreglu verður nánar vikið samhliða því sem greint verður frá framburði vitna fyrir dómi.

Við rannsókn málsins aflaði lögregla upptöku af áður nefndu símtali við Neyðarlínuna sem fyrir liggur að barst úr símanúmeri ákærða á tímabilinu 00:47 til 00:52 aðfaranótt 7. maí sl. og verður rakið hér í meginatriðum. Var endurrit strax gert af því og var það m.a. kynnt ákærða við fyrstu yfirheyrslur lögreglu. Samkvæmt endurritinu kynnti ákærði sig strax með nafni og bar upp erindið með þessum orðum: „Ég held ég hafi drepið mann.“ Gaf hann aðspurður upp kennitölu sína, kvaðst vera staddur í [...], Egilsstöðum, og vera „að fara núna í íbúð [...]“. Áréttaði hann að hann héldi að hann hefði drepið mann. Aðspurður hvað hann hafi gert við manninn sagði hann: „Hann réðst á mig ... og ég kýldi hann einu sinni, eitt hnefahögg, ... og hann datt niður og ég dró hann með mér út fyrir svalirnar. Hann réðst á mig, þessi maður réðst á mig.“ Aðspurður hve langt væri síðan þetta hafi gerst sagði ákærði: „Þetta var bara að gerast.“ Í framhaldinu sagði ákærði m.a.: „Já, hann réðst á mig og ég kýldi hann, ég dró hann með mér ... ég er bara hérna fyrir ofan, hundurinn er hjá mér núna ... ég dró hann út á svalir, það er bara í íbúðinni ... viltu bara koma með lögregluna ... hann reyndi að kyssa mig ... nei ég vil ekki fara til hans ... já ég er hérna með hundinn minn, í fokking sjokki ... ekki séns, ég er ekki að fara til hans ... ég er í [...] ... segðu þeim að drífa sig bara til mín.“

II

Framburður ákærða

Hér verður rakinn framburður ákærða í meginatriðum, fyrst hjá lögreglu og síðan fyrir dómi.

Við fyrstu skýrslutöku hjá lögreglu, þriðjudaginn 7. maí 2013, neitaði ákærði því að hafa orðið valdur að andláti brotþola, A heitins. Kvaðst hann hafa verið heima

hjá sér við drykkju frá kl. 18 kvöldið áður og drukkið 10 litla bjóra, en nokkru fyrir miðnætti hafi hann bankað upp á í nokkrum íbúðum í fjölbýlishúsinu til að fá lánaðan meiri bjór. Brotapoli hafi boðið honum inn í íbúð sína og boðið honum þar upp á sterkan bjór. Kvaðst ákærði telja sig hafa drukkið þar þrjá slíka bjóra og hafi þeir rætt um daginn og veginn. Fram kom að ákærði giskaði á að hafa verið að heiman í um eina og hálfu klukkustund og hafa yfirgefið íbúð brotápola rétt eftir miðnætti. Aðspurður hvort hann hefði hringt eitthvað kvaðst ákærði halda sig hafa hringt í sambyliskonu sína en ekki kannast við að hafa hringt í Neyðarlínuna. Í framhaldi af því var ákærða kynnt endurrit af ætluðu símtali hans við starfsmann Neyðarlínunnar, en hann neitaði að tjá sig um efni þess. Hann kvaðst hafa verið klæddur vínrauðum stuttbuxum og hvítum jakka. Kaus hann að tjá sig ekki frekar um atburði liðinnar nætur.

Við aðra skýrslutöku hjá lögreglu, sem fram fór 16. maí 2013, kvaðst ákærði, aðspurður hvort hann hefði banað brotápola, „ekki [muna] eftir því þannig en í ljósi alls finnst mér það mjög líklegt já“. Fram kom að umrætt sinn hafi svifið á ákærða í stofunni og hann lagst út af, en þá hafi brotapoli komið alveg upp að honum „eins og hann ætli að kyssa mig“. Kvaðst ákærði hafa ýtt honum frá sér og hafi honum virst brotapoli skammast sín. Nefndi ákærði að brotapoli hafi á einhverjum tímapunkti minnst á að honum þætti ákærði „sætur eða myndarlegur eða huggulegur eða eitthvað svona“ sem ákærða hafi þótt „svólítið sérstakt“. Ákærði kvaðst ekki alveg viss um tímaröðina en telja að það hafi verið eftir þetta sem hann hafi sagt brotápola að hann væri „mikill barnakall“. Samtalið hafi þá aðeins „breytt um gír“. Kvaðst ákærði minnst sérstaklega setningar frá brotápola um að maður þurfi alltaf að „vera á varðbergi í svona litlu samfélagi“. Kvaðst ákærði þá hafa áttað sig á því að brotapoli hefði missskilið sig. Brotapoli hafi svo farið að „ýja að einhverjum óþverra“ um börn og unglinga sem honum hafi engan veginn líkað. Kvaðst ákærði þá hafa hreytt í hann einhverjum orðum og sagt honum að hætta þessu, en síðan farið á salernið til að kasta af sér vatni. Er hann hafi komið út af salerninu hafi brotapoli verið staðinn upp og „búinn að loka hundinn inni í forstofu [og] þá er bara eins og það biði mín annar maður“. Hafi brotapoli hreytt í hann „einhverjum óþverra um börnin mín“, þar á meðal rætt um að „hneppa frá bleyjunni hjá barninu mínu og leika við [það]“. Kvaðst ákærði ekki muna nákvæmlega hvernig brotapoli hafi orðað þetta en „þarna bara missti ég algjörlega tókin á sjálfum mér“. Síðar við skýrslutökuna lýsti hann þessum atvikum svo: „Þá segir hann þetta með bleyjuna og þá bara algjörlega snappaði ég“. Kvaðst ákærði minnst þess að hafa slegið til brotápola og hrint honum í hægindastól, slegið eitthvað til hans í stólnum og rokið svo út. Nánar aðspurður síðar lýsti ákærði atburðum svo: „Eins og ég segi, ég man ekki almennilega, eftir það er bara eins og það hafi eitthvað smollið í hausnum á mér og ég veit ekkert í rauninni hvað ég gerði við

hann. Ég man bara eftir að [hafa] slegið til hans þarna og hrint honum í stólinn sinn og strunsa svo út“. Kvaðst ákærði telja sig hafa slegið til brotþola oftast en einu sinni, e.t.v. fjórum eða fimm sinnum.

Eftir þetta kvaðst ákærði hafa strunsað út í garð með hundinn „aðeins að róa taugarnar“ og leikið þar við hann í einhvern tíma, sem hann kvað geta hafa verið allt frá 10 mínútum upp í meira en hálf klukkustund. Hafi hann síðan farið aftur upp í íbúðina til að ná sér í bjór. Hafi hurð inn í íbúðina þá verið opin og „aðkoman ekki geðsleg“ og „öðruvísi heldur en ég átti von á.“ Ákærði kvaðst ekki muna hvernig brotþoli hafi verið er hann strunsaði út en er hann hafi komið aftur í íbúðina hafi brotþoli setið í stólnum „í blóði sínu“ með höfuðið hallandi aftur og handleggi á stólörmmum. Kvaðst ákærði hafa ýtt eitthvað við brotþola og svo einhvern veginn bara „datt ég út“. Kvaðst hann minnst þess að hafa verið að „burðast með hann eitthvað“ og halda að þá hafi hann hringt í Neyðarlínuna. Ákærði kvaðst ekki minnst þess að hafa stungið brotþola eða haft hníf í höndum. Orðrétt sagði ákærði: „Það er ýmislegt svona sem að ég kannski man ekki alveg, til dæmis ég man aldrei eftir að hafa stungið manninn, en í rauninni finnst mér mjög fjarstæðukennt að einhver hafi gert það meðan ég var úti í garði. Ég ætla ekkert að tjá mig neitt frekar um það þar sem að ég man ekki beint eftir því að hafa gert það. En ég man eftir að hafa slegið að manningum, ég man eftir að hafa verið eitthvað að dröslast með hann þarna. Það sem ég man ekki ætla ég bara ekki að giska á hvað gerðist.“

Síðar við sömu skýrslutöku, aðspurður hvort hann teldi sig hafa samfellda mynd af því sem gerðist, neitaði hann því og sagði „að sjálfsgöðu“ eitthvað vanta inn í. Nánar aðspurður hvað vantaði inn í, sagði ákærði: „[...] það vantar mest inn í hjá mér akkúrat það sem þið viljið vita mest um þetta. Ég man ekki eftir að hafa verið með neinn hníf og ég man ekki almennilega hvernig ég kom að honum þarna í stólnum, þó sem mér finnst eins og ég hafi séð áverka á honum. Þá jafnvel í framan en heildarmyndin hundrað prósent, hana get ég ekki gefið, en ég er búinn að segja ykkur allt það sem ég man og jafnvel meira.“ Kvaðst ákærði ráma í að hafa verið í símanum en í raun ekkert muna eftir símtali við Neyðarlínuna eða eftir heimkomu sinni og samskiptum við lögreglu og sambýliskonu sína.

Aðspurður um klæðnað brotþola bar ákærði við þessa skýrslutöku um að brotþoli hafi verið klæddur í gallabuxur og bol. Um klæðnað sinn sagðist ákærði hafa verið í hvítum vindjakka með „svona svörtu munstri eða svona svörtum strikum“, brúnum buxum og „Converse“ skóm, en kvaðst hafa farið úr þeim í íbúðinni og ekki muna hvort hann hafi verið í sokkum eða berfættur.

Fram kom að ákærði hafi búið í um mánuð í fjölbýlishúsinu að [...] fyrir atburðinn, en verið búsettur á Austurlandi síðan í janúarmánuði 2013. Hann tæki lyf við [...] og hafi liðið illa að undanfögnu. Kvaðst hann eiga við drykkjvandanámál að

stríða „[...] og ég hef alveg farið í svona óminnisástand í áfengi [...]“. Hann kvaðst eitt sinn áður hafa hitt brotþola, en það hafi verið um viku fyrir andlát hans. Hafi ákærði þá verið að merkja póstkassa og leitað eftir því að fá lánuð skæri hjá brotþola, sem þess í stað hafi lánað honum hníf. Kvaðst ákærði hafa skilað hnífnum aftur.

Undir lok skýrslutökunnar merkti ákærði inn á afstöðumynd af íbúðinni hvar þeir brotþoli hefðu setið við drykkju, staðsetningu þeirra er til átaka kom og hvar hann minntist þess að hafa dregið brotþola eftir gólfinu. Af teikningu ákærða verður ráðið að hann hafi dregið brotþola eftir stofugólfinu, en ferillinn virðist hefjast fyrir framan stól og sófa og liggja í átt að svaladyrum.

Loks var við rannsókn málsins hjá lögreglu tekin skýrsla af ákærða 9. júlí 2013 og voru þá bornar undir hann niðurstöður rannsókna. Kvaðst ákærði þá engar breytingar vilja gera á fyrri framburði sínum og ítrekaði að hann myndi ekki eftir því að hafa orðið brotþola að bana, eða að hafa verið með hníf, þótt hann myndi eftir „rýskingum“ þeirra á milli.

Er honum voru sýndar myndir af ætluðu morðvopni taldi hann sig ekki hafa séð þann hníf áður og ekki telja þar á ferð sama hníf og hann hafi áður fengið lánaðan hjá brotþola. Undir ákærða var borin upptaka af símtali úr síma hans við Neyðarlínuna og kvaðst ákærði kannast við rödd sína á þeirri upptöku. Aðdragandanum að símtalinu lýsti ákærði með þessum orðum: „[Ég] kem að honum þarna í sófanum og dreg hann fram á gólf og reyni eitthvað að svona pumpa hann og slá hann og svo veit ég ekkert fyrr en ég allt í einu er farinn að draga hann eitthvað þarna í þvílíku paniki.“ Nánar aðspurður kvaðst ákærði meina að brotþoli hafi verið í „sófastólnum“. Aðkomunni er hann sneri til baka í íbúð brotþola lýsti ákærði nánar svo: „Hún var ekki glæsileg, hann sat þarna í stólnum í blóði sínu og mér brá, ég panikaði þvílíkt og dró hann úr sófanum og á gólfið og byrjaði eitthvað að ýta við honum og svo ég veit ekki af hverju ég dró hann út á svalir en ég gerði það.“ Í framburði ákærða kom nú fram að hann kvaðst viss um að brotþoli hafi setið í stólnum og horft á eftir sér er hann strunsaði út og kvaðst hann viss um þetta því að hann hefði litið til baka og kallað á hund sinn á leiðinni út. Ákærði hafi setið á sama stað í stólnum er hann sneri aftur í íbúðina.

Aðspurður hvernig hann myndi þennan kafla, frá því að hann kom í íbúð brotþola þar til hann hringdi í Neyðarlínuna, sagðist hann telja sig muna þetta „bara frekar vel“. Aðspurður hvort einhverjar „eyður“ væru í minninu, sagði hann: „Ekki í heildina litið, það er[u] þá kannski einhver orð sem að [ég] kannski er ekki alveg viss um, en í heildina litið man ég þetta bara mjög vel.“ Eftir að upptaka af áður röktu símtali við Neyðarlínuna hafði verið spiluð fyrir ákærða kvaðst hann muna „gloppótt“ eftir því símtali. Kvaðst hann hins vegar minnst samskipta við sambýliskonu sína og

lýsti þeim svo að hún hafi verið „brjáluð eðlilega“, hellt niður bjór sem hann hafi verið með og rekið hann í rúmið.

Borið var undir ákærða að fingraför hans hafi fundist á ginpela í íbúðinni og kvaðst ákærði þá ekki rengja að hann hafi drukkið ginið þótt hann minntist þess ekki og sagðist muna eftir að hafa séð „fullan skáp af víni“ í íbúð brotaþola. Kom fram að til viðbótar við þá 10 litlu bjóra sem hann hefði drukkið heima hjá sér hafi hann einnig drukkið bjór á veitingastað.

Þá var borin undir ákærða ljósmynd af haldlögðum buxum, sem hann staðfesti að væru þær sem hann hafi klæðst umrætt kvöld. Borinn var undir ákærða fyrri framburður hans um að hafa verið í „hvítum vindjakka með svona svörtu mynstri og svona svörtum strikum“. Sagðist ákærði vera „hundrað prósent“ viss um „jakkann“ því að það væri gat í vasanum á honum. Minntist ákærði þess að hafa sett bjór í vasann og verið í miklu basli við að ná honum, því að hann hafi verið kominn „þarna út á bak“. Er honum var kynnt að blóð úr hinum látna hafi fundist í buxunum, kvaðst ákærði ekki telja það óeðlilegt því að „náttúrulega lyfti ég manninum upp og ég tel það ekki óeðlilegt að það hafi eitthvað blóð farið á mig“. Bætti ákærði því við að honum þætti skrytið að ekki hafi verið sjáanlegt blóð á hvíta jakkanum sem hann hafi verið í.

Enn fremur var borin undir ákærða sú niðurstaða vettvangsrannsóknar að brotaþola hafi verið ráðinn bani í stofu íbúðarinnar með hnífsstungum í brjóst og þaðan dreginn lífvana út á svalir þar sem hann hafi verið ítrekað stunginn, mest í höfuð og andlit. Kvaðst ákærði ekki telja það geta staðist: „Ég fæ það ekki til að passa en eins og ég segi, ég minnst þess ekki að hafa stungið manninn en ég man eftir að hafa dregið hann út á svalir.“ Breytti ákærði síðar framburði sínum lítilliga og kvaðst í raun ekki muna eftir að hafa farið út á svalir en muna að hafa dregið manninn „út að svölunum og svo finnst mér bara eins og ég hafi hlaupið út, hringt í Neyðarlínuna“. Aðspurður hvort og þá hvar væri „eyða“ í minningunum sagði ákærði: „Þegar ég er að draga hann á gólfinu“. Var hann þá spurður hvar hann myndi næst eftir sér og sagði ákærði: „Að hlaupa út“. Nánar aðspurður um áverka og ástand brotaþola kvaðst ákærði telja að brotaþoli hafi verið blóðugur bæði á bringu og í andliti þegar hann kom að honum í stólnum og að hann hafi þá verið látinn.

Undir lok skýrslutökunnar kom fram að ákærði kannaðist ekki við að hafa farið í „black out“ vegna reiði, en hins vegar hafi það komið fyrir undir áhrifum áfengis. Kvað hann reyndar nokkur ár liðin síðan það hafi gerst „fyrir utan þetta skipti“.

Var ákærða að lokum kynnt að lögregla teldi að fengnum niðurstöðum tæknirannsókna allt benda til þess að hann hefði banað brotaþola. Brást ákærði við því með þessum orðum: „[...] eins og ég hef sagt áður sko, ég minnst [þess] ekki að hafa

verið með neinn hníf þarna og ég trúi ekki sjálfum mér til þess að gera svona lagað. [...] mér finnst mjög fjarstæðukennt að einhver hafi komið þarna inn í millitíðinni. [...] ég vona að [það] komi eitthvað svoleiðis í ljós [...] en ég er búinn að segja það sem ég veit og ég hef ekkert dregið undan. Hef í rauninni bara beðið eftir tæknigögnum af minni hálfu til að sjá hvað verður.“ Bætti ákærði loks við að honum hafi borist upplýsingar frá nákomnum aðila um að orðrómur væri meðal íbúa á Egilsstöðum um að brotþoli „væri nú eitthvað svona að skoða börn eða eitthvað“.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi við upphaf aðalmeðferðar málsins og stutta viðbótarskýrslu að afloknum skýrslutökum af vitnum við framhald aðalmeðferðar. Bar hann á sama veg og hjá lögreglu um skamma búsetu sína í fjölbýlishúsinu og að þeir brotþoli hafi ekkert þekkt. Lýsti hann athöfnum sínum mánudaginn 6. maí sl. svo að hann hafi verið heima hjá sér að smíða, farið í áfengisverslun um fimmleytið og byrjað að drekka bjór heima hjá sér um sexleytið. Hann hafi ásamt fjölskyldu sinni snætt kvöldverð á veitingastað og síðan farið í heimsókn til vinar, en á báðum stöðum hafi hann drukkið meiri bjór. Í heimsókninni hafi hann verið bitinn af hundi og þurft að leita til læknis vegna þess.

Er þau fjölskyldan hafi komið heim um ellefuleytið um kvöldið hafi allur bjór verið búinn á heimilinu. Kvaðst ákærði þá hafa farið út með hundinn og knúð dýra hjá öðrum íbúum hússins til að fá lánaðan bjór, en ekki haft erindi sem erfiði. Brotþoli, A heitinn, hafi þá staðið í dyrum íbúðar sinnar og spurt hvort hann vantaði bjór. Kvaðst ákærði hafa spurt hvort hann væri á förum, en brotþoli hafi neitað því og sagði ákærði sér vera minnisstætt að brotþoli hafi tekið svo til orða að maður þyrfti alltaf að vera á „varðbergi“. Kvaðst ákærði hafa farið inn í íbúðina til brotþola með hund sinn meðferðis. Þeir hafi setið þar inni í „smástund“, hálf tíma til fjörutíu mínútur, og spjallað um daginn og veginn. Þetta hafi verið samtál tveggja manna sem þekktust ekki neitt. Lýsti ákærði efni samtalsins með svipuðum hætti og hjá lögreglu, þannig að til misskilnings hafi komið á milli þeirra sem honum hafi mislíkað, hann hafi sett ofan í við brotþola og síðan farið á salernið.

Er hann hafi komið út af salerninu hafi brotþoli verið búinn að loka hundinn inni í forstofu og hafi fas hans verið allt annað en áður. Hann hafi spurt ákærða hvort hann ætti ekki börn og hafi ákærði játað því og sagst eiga [...]. Upp hafi risið erjur þeirra á milli sem lyktað hafi með því að brotþoli hafi sagst hlakka til að taka bleyjuna af [barni] ákærða og leika við [það]. Kvaðst ákærði þá hafa slegið brotþola svo hann hafi fallið niður í hægindastól við hlið sófans. Nánar aðspurður hvernig og hve oft hann hafi slegið brotþola, sagðist ákærði hafa slegið hann með flötum lófa nokkrum sinnum í höfuð eða fyrir ofan axlir og endað á því að hrinda honum í stólinn. Brotþoli hafi ekkert reynt að verja sig og engin frekari orðaskipti átt sér stað á milli þeirra. Aðspurður hvort hann teldi sig hafa misst stjórn á sér, svaraði ákærði: „Nei, ég

náttúrulega sló manninn og ég tel það að vissu leyti að missa stjórn á sér, [...] ég er enginn ofbeldismaður [...] og að ráðast að einhverjum með vopni, það er ekki ég.“

Eftir þetta kvaðst ákærði hafa kallað á hund sinn, sem þá hafi verið í forstofunni, rokið út úr íbúðinni og skellt á eftir sér. Brotapoli hafi þá setið „bara svona venjulega“ í hægindastólnum. Kvaðst ákærði hafa farið út í garð með hundinn og leikið dágóða stund við hann í bakgarðinum, með því að kasta fyrir hann leikfangi. Kvaðst ákærði hafa verið þarna úti í dágóðan tíma, jafnvel hálf klukkustund.

Síðan kvaðst ákærði hafa farið til baka í íbúð brotapola. Gaf hann þá skýringu að hann hafi munað eftir þjórför þar inni sem hann hafi verið með og ætlað að sækja hann. Aðspurður hvort það væri ekki undarlegt að fara til baka í íbúðina eftir að hafa lent í þeim útistöðum við brotapola sem hann hefði lýst, tók ákærði fram að hann teldi þetta styðja að hann hefði ekki ráðist að brotapola með þeim hætti sem gert var, enda hefði hann þá aldrei látið sér detta í hug að fara til baka.

Er hann hafi komið að íbúðinni hafi hann veitt því athygli að útidyrhurðin að íbúð brotapola hafi verið opin. Hann hafi gengið inn og þá hafi aðkoman verið „allt öðru vísi“ en þegar hann skildi við íbúðina. Kvaðst ákærði muna eftir að hafa komið inn og „verið að reyna að ná einhverju sambandi við manninn“, sem hafi þá legið „með blóð framan í sér“. Benti ákærði á að hann hafi verið ölvaður, en kvaðst muna eftir að hafa haldið um hendurnar á brotapola og verið að reyna að ná einhverju sambandi við hann. Aðspurður kvaðst hann ekki minnast þess að hafa „pumpað“ brotapola, líkt og hann hafði orðað það hjá lögreglu.

Ákærði kvaðst nú ekki viss hvort hann myndi eftir því að hafa tekið brotapola úr hægindastólnum og dregið hann, eða hvort það væri fölsk minning vegna samskipta sem hann hefði átt við F yfirlögregluþjón í fangaklefa daginn eftir atburðinn. Hafi lögreglumáðurinn sagt honum að hann hefði dregið brotapola í stólnum og dregið hann, öll gögn sýndu það og það eina sem hann ætti eftir væri að játa verknaðinn. Þetta hafi verið það fyrsta sem hann hafi heyrt af málsatvikum og með þetta veganesti hafi hann farið í gæsluvarðhaldsvist og einangrun. Ekki væri langt um liðið síðan samtalið við F hafi rifjast upp fyrir honum.

Kvaðst ákærði mikið hafa hugsað um þetta og vera „eiginlega 100% viss“ um að hafa komið að brotapola liggjandi en ekki í sófanum. Hann eigi minningu um að hafa verið mjög hræddur er hann sá allt þetta blóð og verið að reyna að ná sambandi við brotapola í nokkrar mínútur. Ítrekaði ákærði að þetta hafi verið aðstaða sem hann hefði ekki áður lent í, hann hafi verið „skíthræddur“ og hugsað hvort hann gæti hafa meitt brotapola svona er hann sló hann. Kvaðst ákærði hafa látið sér detta í hug að brotapoli hefði nefbrotnað því hann vissi að mikið gæti blætt úr nefi. Kvaðst hann hafa gert sér fulla grein fyrir því að brotapoli væri látinn.

Beðinn að lýsa því hvar brotápoli hafi legið og hvernig, kom fram að ákærði teldi brotápoli hafa legið á maganum en kvaðst ekki viss um hvar hann hafi legið nákvæmlega. Orðrétt sagði ákærði: „Ég man að ég tók í hendurnar á honum og dró hann eitthvað aðeins en þú veist, ég veit ekkert hvort hann var úti á svölum eða við svalirnar eða en sko, ég var ekki að draga hann einhverja marga metra, það er alveg pottþétt.“

Var ákærði þá við þessa fyrri skýrslugjöf sína fyrir dómi beðinn um að merkja inn á afstöðumynd af íbúðinni hvar hann teldi brotápoli hafa legið er hann kom að honum. Kom þá fram að ákærði teldi brotápoli hafa legið hálfur úti á svölum, þ.e. efri hluti líkamans, en neðri hlutinn inni í íbúðinni, með kviðinn á þröskuldinum eða þar um bil. Kvaðst hann hafa staðið við höfuð brotápoli, tekið í hendur hans og dregið hann aðeins lengra í átt að eða inn á svalirnar. Við þetta hafi hann lyft brotápoli aðeins en taldi sig aðspurður ekki hafa velt honum við. Aðspurður í tilefni af framburði hans hjá lögreglu um að hafa tekið „undir axlir“ brotápoli kvaðst ákærði nánast viss um að hafa tekið í hendur hans. Bornar voru undir ákærða merkingar hans inn á afstöðumynd af íbúðinni við skýrslutöku 16. maí sl. og kvað ákærði þær merkingar ekki hafa verið réttar hjá sér. Ítrekaði hann að hann teldi það skýrast af því sem yfirlögregluþjónninn hafi sagt honum 7. maí sl.

Ákærði sagðist því næst hafa hlaupið út úr íbúðinni og niður á jarðhæð, þar sem hann hafi m.a. sest í kjallaratröppur, hringt í Neyðarlínuna og sagst hafa slegið mann. Lögreglan hafi komið á staðinn og kvaðst ákærði telja að hann hafi hitt lögreglumann á jarðhæð og gengið með honum upp að íbúð sinni á þriðju hæð. Kvaðst hann þó ekki muna þetta skýrt. Ákærði viðurkenndi að hafa þrætt fyrir það við lögreglu að hafa hringt í Neyðarlínuna. Aðspurður hvers vegna hann hafi þrætt fyrir það kvaðst ákærði ekki geta gefið á því aðra skýringu en að hann hafi verið hræddur, drukkinn og „í sjokki“. Kvaðst hann hafa gert sér grein fyrir því að þetta liti illa út fyrir sig í ljósi þess að þeim brotápoli hafði lent saman. Nánar aðspurður hvað hann myndi af samskiptum sínum við lögregluna kvaðst hann ekki muna vel eftir þeim.

Í íbúð sinni hafi hann háttáð sig í eldhúsi og sambýliskona hans rekið hann í rúmið að sofa. Hann hafi svo verið handtekinn daginn eftir.

Aðspurður um áfengisneyslu sína kvaðst ákærði hafa drukkið bæði mikið og oft í gegnum tíðina, stundum marga daga í röð og lengi átt við áfengisvandamál að stríða. Umrætt kvöld, 6. maí sl., hafi hann hafið drykkju um kl. 18 og drukkið 10 litla bjóra heima hjá sér, tvo bjóra á veitingastaðnum og einn bjór í heimsókn hjá vini sínum. Ölvunarástand hans hafi verið „ekkert alvarlegt“ við komuna í íbúð brotápoli, en þar hafi hann drukkið töluvert magn af bjór til viðbótar, e.t.v. fjóra Víking sterka. Þá kvaðst ákærði minnst þess að hafa teygjað góðan slurk úr ginpela við sófann, eftir að hafa komið að brotápoli látum. Lýsti hann því með þessum orðum: „Þegar ég er

búinn að reyna að ná sambandi við hann, þá stend ég kannski inn í íbúðinni í smá stund og er aðeins svona að hugsa þetta, þá finnst mér eins og ég hafi fengið mér gin, eitthvað að drekka alla vega og hlaupið svo út og hringt í lögregluna.“ Ákærði kvaðst ekkert áfengi hafa drukkið eftir að heim var komið.

Ákærði bar, líkt og hjá lögreglu, um að brotþoli hafi klæðst gallabuxum á meðan þeir spjölluðu í íbúðinni. Kvaðst hann fullviss um þetta en ekki hafa veitt klæðnaði hans athygli er hann kom að honum látnum.

Aðspurður fyrir dómi um fatnað sinn kom nú í fyrsta sinn fram hjá ákærða að hann teldi sig hafa verið í báðum hvítu hettupeysunum sem lögregla haldlagði, annarri utan yfir hina. Aðspurður hvort hann hafi verið í einhverju innan undir þessum flíkum kvaðst ákærði hafa verið í hvítum bol, en kvað það einnig vel geta verið að hann hafi ekki verið í neinu öðru en hettupeysunum tveimur að ofan. Kvaðst hann hafa verið í peysunum allan tímann inni hjá brotþola. Þá kvaðst ákærði telja sig hafa verið í „Croc“ skóm er hann kom heim til brotþola og kannaðist hann við að það gætu verið hans skór sem sjáist á ljósmynd lögreglu sem tekin var í forstofu íbúðar brotþola við vettvangsrannsókn. Kvaðst hann hafa farið úr þeim í forstofunni í bæði skiptin sem hann kom inn í íbúðina, en hafa hlaupið út á sokkaleistunum er hann yfirgaf íbúðina í seinna skiptið.

Í framburði ákærða kom fram að minni hans hefði verið að koma til baka eftir því sem frá hefði liðið. Minningarnar væru kannski ekki skýrar, en hann teldi þær samfelldar og enga eyðu í atburðarásinni. Borinn var undir hann framburður hans hjá lögreglu þar sem hann kvaðst fremur telja áfalli um að kenna en áfengisneyslu að það vantaði „hræðilegustu“ þættina í atburðarásinni, enda hafi hann „alveg farið í svona óminnisástand [af] áfengi og þá [muni] maður alltaf, yfirleitt, aðalatriðin.“ Einnig var borinn undir hann ítrekaður framburður hans um að hafa komið að brotþola í hægindastólnum, tekið hann úr honum og dregið hann í átt að svölunum. Í svörum sínum vísaði ákærði ítrekað til þess að hann teldi sig ekki eiga raunverulega minningu um þetta heldur hlyti þessi frásögn hans að hafa mótast af samtali hans við lögreglumann í fangaklefa 7. maí sl.

Ákærði gaf, eins og áður sagði, viðbótarskýrslu fyrir dómi við framhald aðalmeðferðar, að afloknum öllum skýrslutökum af vitnum, og hafði þá verið spiluð í réttinum upptaka af fyrrgreindu símtali hans við Neyðarlínuna. Hann staðfesti eins og fyrr að hann þekkti þar rödd sína. Ítrekaði ákærði að hann væri viss um að hafa komið að brotþola liggjandi, en kvaðst alls ekki viss um staðsetningu hans, þó telja hann hafa verið „einhverstaðar þarna út við svalirnar, úti á svölunum“. Þá dró ákærði til baka fyrri framburð um að hafa drukkið af ginpelanum í síðara skiptið í íbúð brotþola og kvaðst frekar telja sig hafa hlaupið beint út úr íbúðinni eftir að hafa sleppt höndum brotþola á svölunum. Fram kom að ákærði myndi ekki „100%“ hvernig atvikum var

háttað, enda hafi hann verið „dauðadrukinn“ og orðið fyrir „sjokki“. Ítrekaði ákærði þó að hann minntist þess alls ekki að hafa verið með hníf. Neitaði hann því að hafa þvegið sér um hendur í íbúðinni eða eftir að heim var komið. Aðspurður kvaðst hann jafnvel hafa trúað því, er hann hringdi í Neyðarlínuna, að brotaþoli væri látinn af hans völdum, enda hljómaði það fjarstæðukennt að einhver annar hafi komið að milli þess sem ákærði rauk út og þar til hann kom að brotaþola látnum. Það væri þó ekki útilokað.

III

Rannsóknargögn og framburður vitna

Hér verða raktar helstu niðurstöður samkvæmt rannsóknargögnum málsins og í samhengi við þau rakinn framburður helstu vitna fyrir dómi í meginatriðum. Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu sem vitni þeir lögreglumenn og sérfræðingur lögreglu sem aðkomu höfðu að rannsókn málsins, G geðlæknir, H, deildarstjóri hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, og I réttarmeinafræðingur. Auk þeirra gáfu skýrslu sem vitni B, C og D.

Upphaf málsins:

Lögreglumennirnir J og K staðfestu frumskýrslur sínar, sem áður var lýst, og gerðu nánari grein fyrir aðkomu sinni að málinu, fyrst við útkall lögreglu kl. 00:50 aðfaranótt 7. maí sl. og síðan um kl. 8:33 að morgni sama dags. Bar J um að hann hefði komið fyrstur á vettvang um nóttina og þá hitt ákærða beint utan við íbúð hans á þriðju hæð, nr. [...], þar sem hann hafi gefið þá skýringu að hann hefði læst sig úti. Kvaðst K hafa komið á vettvang skömmu síðar og hitt ákærða og J fyrir í forstofu íbúðarinnar. Framburður vitnanna var í aðalatriðum í samræmi við frumskýrslur þeirra í málinu, en öllu ítarlegri. Fram kom að töluverðum tíma hafi verið varið á vettvangi til að ganga úr skugga um að útkallið væri tilefnislaust. Lögreglumennirnir hafi ekki merkt neitt grunsamlegt á ákærða, fatnaði hans, í íbúð hans eða umhverfis fjölbýlishúsið, þar sem allt hafi verið með kyrrum kjörum og enginn á ferli. Ákærði hafi verið töluvert ölvaður, æstur og ósamvinnuþýður, og kom fram í framburði K að lögregla hafi þurft að taka hann tókum í forstofunni. Honum hafi verið fylgt í rúmið og sambýliskona hans ekki talið þörf á frekari afskiptum lögreglu. Aðspurðir um klæðnað ákærða kvaðst K einungis minnst þess að ákærði hafi verið í einhverri hvítri flík, en J kvað hann hafa verið á sokkaleistunum, í brúnum buxum og í ljósri eða hvítri peysu eða íþróttatreyju, sem vitnið minnti að væri með smágerðu mynstri. Bornar voru undir hinn síðarnefnda ljósmyndir af þeim tveimur treyjum sem haldlagðar voru við rannsókn málsins en hann kvaðst ekki geta fullyrt að hann kannaðist við aðra hvora þeirra.

Um útkall morguninn eftir vegna tilkynningar um látinn mann, kom fram í framburði K að hann hafi farið fyrstur inn í íbúð brotþola og hafi útidyrhurð verið lokað en ólæst. Hvorugt vitnanna mundi greinilega hvernig ákærði var klæddur við handtöku í íbúð hans eða hvernig fatnaði honum var leyft að klæðast áður en hann var færður á lögreglustöð, en J staðfesti að hafa þekkt aftur brúnar buxur á eldhúsgólfi í íbúð ákærða sem hinar sömu og hann hafi klæðst fyrr um nóttina. Vettvangur í báðum íbúðum hafi strax verið tryggður.

J var sérstaklega spurður um afskipti sín af ákærða meðan hann var í haldi í fangaklefa á lögreglustöðinni á Egilsstöðum umræddan dag. Kvað hann þau engin hafa verið, enda þótt hann staðfesti að hafa umbeðinn fært upplýsingar inn á vistunarskýrslu. Kvaðst hann ekki muna hverjir hafi sinnt ákærða í fangaklefanum.

E lögreglufulltrúi gerði fyrir dómi grein fyrir aðkomu sinni að málinu sem stjórnandi rannsóknarinnar og staðfesti skýrslugerð sína. Kvaðst hann hafa haldið strax við útkall að morgni 7. maí sl. frá Fáskrúðsfirði til Egilsstaða ásamt F yfirlögregluþjóni og þegar farið á vettvang, þar sem hann hafi myndað allt í bak og fyrir. F hafi hins vegar haldið beint á lögreglustöð, þar sem ákærði hafi verið í haldi. Vitnið lýsti aðkomunni í íbúð brotþola. Kvaðst hann draga þá ályktun af ummerkjum að upphafsstaður árásarinnar hafi verið í eða við hægindastól í stofu íbúðarinnar, þaðan sem brotþoli virtist hafa verið dreginn lífvana út á svalir.

Vitnið lýsti gangi rannsóknarinnar umræddan dag og aðkomu starfsmanna tæknideildar LRH, sem vitnið kvað hafa séð um að haldleggja og varsla gögn. Kvaðst vitnið hafa verið viðstatt þegar fatnaður var haldlagður í íbúð ákærða og minna að fram hafi komið einhver lýsing á fatnaði af hálfu lögreglumanna sem haft höfðu afskipti af ákærða um nóttina. Á gólfi íbúðar ákærða hafi verið mikið magn af fatnaði í pokum, sem vitnið taldi hafa verið tekinn til skoðunar, auk þess sem litið hafi verið inn í skápa.

Rætt hafi verið við fjölda fólks í öllum íbúðum fjölbýlishússins og næsta húss, auk þess sem víðtæk leit hafi farið fram í sameiginlegum rýmum fjölbýlishússins og í grennd við það, en ekkert hafi komið út úr því sem bent gæti til þess að annar en ákærði kynni að hafa verið að verki.

Brotþoli, A heitinn, hafi virst hafa verið einfari og fáir haft af honum að segja. Er upp hafi komið vísbendingar í framburði ákærða um að brotþoli gæti hafa haft kynferðislegan áhuga á börnum hafi vitnið framkvæmt „lúsaleit“ bæði í íbúð brotþola og á bæ þar sem hann hafi alist upp og haft aðgang að. Kvaðst vitnið auk þess hafa rætt við fjölda lögreglumanna og fleiri samborgara sinna. Ekkert hafi komið fram við þá leit eða þau samtöl sem stutt gæti þennan framburð ákærða.

Aðspurður um mögulega vitneskju yfirlögregluþjónsins um aðkomu á vettvangi þann 7. maí sl. kvað hann þá ekki hafa vitað annað við komuna til Egilsstaða

en að látinn maður lægi í blóði sínu og um útkall nóttina áður. Kvaðst vitnið ekki minnst þess að hafa þá haft vitneskju um blóðslóð á gólfi íbúðarinnar. Síðar um daginn hafi menn hins vegar vissulega skipst á upplýsingum, bæði símleiðis og á stöðufundi.

F yfirlögregluþjónn lýsti fyrir dómi aðkomu sinni að málinu þriðjudaginn 7. maí 2013. Kvaðst hann hafa aðstoðað lækni við réttarlæknisfræðilega skoðun og eftir það átt óformleg samskipti við ákærða er hann færði ákærða milli fangaklefa. Ákærði hafi þá byrjað að tjá sig um sakarefnið, en vitnið bent honum á að verjandi hans væri ekki viðstaddur. Ákærði hafi engu að síður sagt af sjálfsdáðum frá áfengisneyslu sinni og samskiptum við brotþola, m.a. því að brotþoli hafi farið að tala á ljótan hátt um börn og meðal annars um barn ákærða. Hafi ákærði sagst hafa rokið út en síðan farið aftur inn til að sækja bjór og þá komið að brotþola látnum og blóðugum.

Vitnið kvaðst þegar þetta samtal átti sér stað enga vitneskju hafa haft um ummerki á vettvangi og fyrst fengið vitneskju um það á stöðufundi sem haldinn hafi verið um kvöldið. Samskipti hans og ákærða hafi átt sér stað síðdegis. Önnur samskipti kvaðst vitnið ekki hafa átt við ákærða.

Réttarlæknisskoðun, áfengismælingar og geðrannsókn:

Í skýrslu *L* læknis um réttarlæknisfræðilega skoðun, sem fram fór 7. maí 2013, kemur fram að engir áverkar hafi fundist á ákærða sem bendi til átaka. Er þar þó getið um tvö bitsár á fingri hægri handar og tekið fram að vitað sé að ákærði hafi leitað til læknis vegna hundsbits kvöldið áður og fengið stífkrampasprautu. Strok hafi verið tekin úr bitsárunum, skaf undan fingurnöglum og höfuðhár tekið sem samanburðarsýni, auk þess sem blóð og þvagsýni hafi verið tekin til lyfja og/eða alkóhólsmælingar. Ákærði hafi við skoðunina verið nývaknaður og áfengislykt úr vitum hans, en hann hafi verið áttaður á stað og stund. Getið er um hæð hans og þyngd og fatnaði hans við skoðun lýst sem treyju með rennilás, sokkum og stuttbuxum, auk þess sem getið er um hring á fingri. Liggja einnig fyrir ljósmyndir sem teknar voru af ákærða við læknisskoðunina.

Læknirinn staðfesti skýrslu sína fyrir dómi. Kvað hann storknað blóð hafa verið sjáanlegt í bitsárunum en ekki annars staðar á höndum eða líkama ákærða og kvaðst læknirinn ekki minnst þess að strok hafi verið tekin af fleiri stöðum á líkama hans.

Við réttarlæknisskoðun var ákærða dregið blóð kl. 10:45 og 11:50 og gaf hann þvagsýni kl. 13:20. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 4. júní 2013, mældist alkóhólmagn í fyrra blóðsýninu 1,61‰ en 1,37‰ í hinu síðara. Í þvagsýninu mældist alkóhólmagn 1,89‰. Kemur fram í matsgerðinni að niðurstöður mælinga í blóði og þvagi sýni að hlutaðeigandi hafi verið ölvaður þegar

sýnin voru tekin og bendi niðurstöður mælinganna til þess að styrkur etanóls í blóðinu hafi verið fallandi á þeim tíma. Í málinu liggur einnig fyrir matsgerð rannsóknarstofunnar, dags. 29. ágúst 2013, þar sem óskað var útreiknings á etanolstyrk viðkomandi 10 klst. fyrr, eða um klukkan eitt um nóttina. Kemur þar fram að ekki sé hægt að reikna með neinni nákvæmni etanolstyrk í blóði hlutaðeigandi svo löngu fyrr en sýni voru tekin, en að því gefnu að áfengisneyslu hafi að mestu verið lokið kl. 23 gæti etanolstyrkur í blóðinu hafa verið yfir 3‰ um klukkan eitt um nóttina og hlutaðeigandi því verið mjög ölvaður, nánar tiltekið með alvarlega áfengiseitrun.

H lyfjafræðingur staðfesti fyrir dómi framangreindar matsgerðir. Í framburði hennar kom fram að etanolstyrkur í blóði ákærða um klukkan eitt um nóttina hafi verið reiknaður út frá einstaklingsbundnum frásogshraða hans sem hægt hafi verið að reikna út. Vitnið kvaðst ekki geta lagt mat á etanolstyrk í blóði ákærða á framangreindu tímamarki, nema sú forsenda standist, sem matið hafi byggst á, að drykkju hafi verið lokið tveimur tímum fyrr.

Við rannsókn málsins var *G* geðlæknir dómkvaddur sem matsmaður til að framkvæma geðrannsókn á ákærða. Í matsgerð hans, dags. 12. júní 2013, í kafla um samantekt og niðurstöður, kemur fram að ákærði hafi átt við áfengisvandamál að stríða frá unglingsaldri og tvívegis farið í áfengismeðferð. [...] fyrir liggir að hann hafi verið undir verulegum áfengisáhrifum umrædda nótt. Fram kemur að ákærði hafi í viðtali rætt um ofsareiðiköst og slagsmál, sem oft eigi sér stað þegar hann sé undir áhrifum áfengis. Orðrétt segir svo í niðurstöðukaflanum:

„X man í stórum dráttum eftir því sem gerðist umrætt kvöld og umrædda nótt, en hann segist alls ekki muna eftir því að hafa notað hníf í átökunum við manninn sem er látinn. Hann man þegar hann kom aftur inn í íbúðina. Þá lá maðurinn á gólfinu og X man eftir því að hafa dregið hann út á svalir. X man eftir því að hafa hringt í Neyðarlínuna og lýst atburðarrásinni og hann kvaðst hafa sagt Neyðarlínunni að hann haldi að maðurinn sé látinn. Hann talaði um vanlíðan sína eftir þetta og lýsti því að hann skrökvaði að lögreglunni, sem kom á vettvang eftir hringingu hans í Neyðarlínuna. X man greinilega eftir því að hafa fyllst ofsareiði þegar maðurinn fór að tala um ung börn [...] eins og áður er lýst og hann man eftir því að hafa marglamið manninn.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir er ekki hægt að fá sögu frá X um að hann hafi notað hníf í átökunum við umræddan mann þetta kvöld. Ef hægt er að sanna að X hafi notað hníf í átökunum, vaknar sú spurning af hverju hann man það ekki. Spurning er hvort það er minnisleysi (black-out) í kjölfar mikillar neyslu áfengis. Hinn möguleikinn er að X bæli niður minningar um ofsareiði sína og hamsleysi.

Hvorug ástæðan hefur áhrif á sakhæfi X.

[...]

Mat undirritaðs er að ekki sé hægt að fá fram nein þau einkenni hjá X sem talin eru upp í 15. gr. almennra hegningarlaga. Einkenni sem hefðu getað leitt til þess að X hafi umrædda nótt verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum.

Með vísan til 16. gr. sömu laga er ekkert læknisfræðilegt sem kemur í veg fyrir það að refsing kynni að geta borið árangur ef sök sannast á X.“

Geðlæknirinn staðfesti framangreindar niðurstöður matsgerðar sinnar fyrir dómi og gerði nánari grein fyrir þeim. Kvað hann ákærða hafa virst einlægur í viðtali og kvaðst vitnið ekki hafa haft á tilfinningunni að hann gerði sér upp minnisleysi þegar hann segðist ekki minnst þess að hnífur hafi komið við sögu í samskiptum hans við brotþola. Ef brotið sannaðist teldi hann áfengisneyslu ákærða líklegri skýringu á minnisleysi ákærða, og gæti áfengisneysla ákærða ein og sér í sjálfu sér skýrt það, en hin skýringin um bælingu minninga sé þekkt og gæti verið samverkandi. Minnisleysi vegna áfengisneyslu sé líffræðilegt fyrirbæri og yfirleitt komi minnið ekki til baka í slíkum tilvikum. Algengt sé hins vegar að fólk eigi erfitt með að gera greinarmun á eigin minningum og því sem það hafi t.d. lesið um atvik.

Vettvangs- og tæknirannsókn:

Skýrsla tæknideildar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu (LRH) um vettvangsrannsókn í íbúðum brotþola og ákærða er dagsett 14. maí 2013. Samantekin niðurstaða þeirrar rannsóknar er sú að brotþola hafi verið ráðinn bani með ofsafengnum hætti, honum veittir áverkar með eggvopni í stofunni og hann síðan dreginn út á svalir þar sem honum hafi verið veittir fjölmargir áverkar með eggvopni.

Um rannsókn í íbúð ákærða segir að hún hafi hafist um kl. 15:33 og lokið um kl. 16:01 þann 7. maí 2013. Á gólfi eldhúss hafi verið buxur sem lögreglumenn á Egilsstöðum hafi borið kennsl á sem sömu buxur og ákærði hafi klæðst um nóttina. Við skoðun á buxunum hafi mátt greina ætlaða blóðbletti. Við buxurnar hafi verið þrjár svartir sokkar og við svaladyr hvít og svört peysa. Fatnaðurinn hafi verið ljósmyndaður og haldlagður. Hundur ákærða, [...], hafi verið í búi í forstofu. Stroksýni hafi verið tekin af loppum hundsins og á milli þeirra og ábreiða úr botni búrsins haldlögð. Þá hafi lyf merkt ákærða verið haldlagt.

Sá hluti skýrslunnar sem fjallar um rannsókn á íbúð brotþola er öllu ítarlegri, en fram kemur að rannsókn þar hafi hafist að lokinni rannsókn í íbúð ákærða og staðið yfir með hléum til hádegis næsta dag. Fram kemur að áfengisflát hafi fundist beggja vegna, framan við og undir sófasetti og stól úr sama setti, sem staðsett séu við suðurvegg í stofu. Húsmunir í íbúðinni hafi ekki borið ummerki átaka. Í skýrslunni segir síðan:

„Á gólfi í holi var svart plastbrot en í sturtubotni á baðherbergi var eldhúshnífur með sléttri egg og svörtu plastskefti. Brotið var úr skeftinu við hjöltin og

þá vantaði framan á blað hnífsins. Bláðið var bogið. Á blaðinu var rauðbrúnleitt kám sem líktist blóði.

Óslitnir og þunnir blóðferlar lágu frá sófanum og út á svalir þar sem [brotapoli] lá. Í blóðferlinum mátti sjá nokkur för sem líktust þófaförum sem komið höfðu í blóðið áður en það storknaði. [...] Dýrahár var víða að sjá í sófanum og á gólfi.

Skóför sem greina mátti á gólfinu þar sem blóðferlarnir voru höfðu komið til eftir að blóðið storknaði og höfðu því ekki haft áhrif á útlit eða lögun blóðferlanna. Voru þau talin eftir skó lögreglu- eða sjúkraflutningsmanna.

[Brotapoli] lá á grúfu á svalagólfinu með beinan vinstri fót á þröskuldi svaladyranna en höfuð við svalahandrið. Hægri fótur var beygður um hné og var ofan á þeim vinstri. Höfuð [brotapola] vísaði til hægri þannig að vinstri vangi lá á svalagólfinu. Blóðpollur var í kringum höfuðið og út frá því. Hægri handleggur var beygður um olnboga og höndin var á móts við andlit en sú vinstri niður með síðu og handleggur beygður um olnboga.

Blóðkám með fingrafarahryggjum í var efst á handriði, lítið eitt vinstra megin við [brotapola]. Var það ekki hæft til fingrafarasamanburðar.“

Í skýrslunni er lýst framkvæmd líkskoðunar á vettvangi, haldlagningu muna og öðrum aðgerðum lögreglu, sem ekki er þörf á að rekja hér í heild sinni. Fram kemur að sýni hafi verið tekin af völdum blóðblettum. Þá hafi verið reynt að „lyfta“ loppuförum í blóði, en árangurinn hafi ekki verið góður.

Meðal málsgagna er fjöldi ljósmynda sem teknar voru við vettvangsrannsókn lögreglu og einnig grunnteikning af íbúð brotapola. Þá liggja fyrir skýrslur tæknideildar LRH, dags. 23. og 24. maí 2013, um fingrafaraleit á áfengisumbúðum sem haldlagðar voru við vettvangsrannsókn í íbúð brotapola. Kemur þar fram að um hafi verið að ræða þrjár tómar og beyglaðar bjórdósir, tvær áteknar en ekki tómar bjórdósir og tvær óateknar bjórdósir, auk átekinna pela af viskí og gini. Við fingrafaraleit fundust fjögur fingraför nothæf til samanburðar, eitt á ginpelanum, eitt á tómri og beyglaðri bjórdós og tvö á átekinni bjórdós. Reyndist farið á tómu og beygluðu dósinni vera eftir brotapola en hin förin eftir ákærða.

M rannsóknarlögreglumáður staðfesti fyrir dómi framangreindar skýrslur sínar um vettvangsrannsókn og fingrafaraleit og gaf á þeim nánari skýringar. Fram kom að hann teldi brotapola hafa verið dreginn eftir gólfi stofunnar og út á svalir í nánast einni samfelldri hreyfingu, aðeins með „hiki“ við svaladyr, þar sem hann rökstuddi það álit sitt að sveigja á blóðslóð á gólfi stofu og það hve nálægt slóðin lægi vinstri svaladyrapósti benti til þess að gerandinn gæti hafa þurft að skipta um stöðu til að koma brotapola út á svalirnar. Blóðslóðin sýndi, að mati vitnisins, að brotapoli hlyti að hafa verið dreginn á maganum, enda með áverka á framanverðum líkamanum. Slóðin sem væri mjög þunn fremst en þykknaði eftir því sem nær drægi svölunum, benti

jafnframt til þess brotaþoli hafi verið dreginn út á svalir mjög skömmu eftir atlöguna í stofunni, því ella hefði mátt vænta þess að fót hans væru orðin mettaðri af blóði og að slóðin yrði þá þykkari fremst þar sem hann snerti fyrst gólfið. Borin var undir vitnið afstöðumynd af íbúð brotaþola með merkingum ákærða fyrir dómi á staðsetningu brotaþola er hann kom að honum látnum. Kvaðst vitnið ekki telja mögulegt að brotaþoli hafi getað legið á þeim stað, á þröskuldi svaladyra, lengur en í mjög skamma stund, enda hefði þá safnast þar fyrir meira blóð, auk þess sem vitnið benti á að blóðslettur á svölum ættu uppruna sinn í kringum þann stað þar sem höfuð brotaþola lá er hann fannst.

Fram kom hjá vitninu að fótspor eftir dýr í blóðslóðinni á stofugólfinu hafi verið stærri en eftir kött og talin samræmast því að þau væru eftir hund. Kannað hafi verið hvort hnífur sem fannst á vettvangi passaði við aðra hnífa í húsbúnaði bæði á heimili brotaþola og ákærða, en svo hafi ekki reynst vera.

Fram kom að við leit að blóðblettum hafi verið notast við sterkan hvítan ljósgjafa. Óreiða hafi verið í íbúð ákærða og íbúðin ekki tekin til eins nákvæmrar skoðunar og íbúð brotaþola. Aðspurt hvernig mat hafi verið lagt á hvaða fatnað þyrfti að haldleggja, sagði vitnið lýsingar lögreglumanna sem komu á vettvang um nóttina hafa legið fyrir. Við það að skoða buxur sem lágu á eldhúsgólfi hafi virst mega greina í þeim blóð. Ekki hafi verið skoðað í taukölfur, skápa eða þvíumlíkt í íbúð ákærða.

Í skýrslu tæknideildar LRH, dags. 13. maí 2013, er lýst blóðferlagreiningu sem fram fór í íbúð brotaþola 8. maí s.á. Kemur þar fram að blóðferlagreining sé þekkt og viðurkennd vísindaaðferð, þar sem dreifing, lögun og stærð blóðbletta sé sett í samhengi svo hægt sé að ákvarða hvernig blettirnir hafi framkallast. Í skýrslunni kemur fram sú niðurstaða skýrsluhöfundar, N rannsóknarlögreglumanns, að ljóst sé af ummerkjum að brotaþola hafi verið ráðinn bani í stofu íbúðarinnar með tveimur stungum í brjósthol og lífvana og/eða meðvitundarlítill líkami hans dreginn eftir stofugólfinu út á svalir þar sem gerandi hafi margítrekað lagt til brotaþola með eggvopni, mest í höfuð/andlit. Blóðferlar á vettvangi séu í rökréttu samhengi við framangreinda lýsingu á atvikum. Nánar segir svo í skýrslunni, um rannsókn „að utan“, þ.e. á svölum:

„[...] Athygli vöktu frákastsblettir á svalagólfinu undir hægri kvið látna (þar sem hann hafði legið) sem sterklega bendir til þess að látna hafi verið veittir áverkar þar sem hann lá á bakinu eða hvíldi á vinstri síðu og síðan verið velt yfir á magann. Kenningin fær stoð í því að yfirgnæfandi fjöldi áverka á höfði og andliti látna eru vinstra megin á höfðinu, andliti, auk þess sem dragferill í blóð á svalagólfinu var vinstra megin við látna í lokastöðu þegar komið var að, sem merkir að látna hafi verið velt við.

Hægra megin við látna á svalagólfinu voru margir frákastsblettir frá legu höfuðs, hægri handar og síðu. Dreifing þeirra lá frá látna [og] náði lengst 2,63 metrum að enda svalanna og 1,77 metra að stofuglugga. Fjöldi og dreifing frákastsblettanna hægra megin við látna sýna að gerandi hefur ekki verið hægra megin við látna þar sem engar eyður eru í frákastsblettunum, þeir þ.a.l. óslitnir. Frákastsblettirnir staðsetja því geranda vinstra megin við látna enda eru þar fáir frákastsblettir, auk 90° blóðbletta á svalagólfinu, en líklegast verður að telja að þeir (90° blettirnir) hafi dropið af eggvopninu niður á steipt svalagólfíð.

Áfallshorn frákastsblettanna hægra megin við látna voru afgerandi lágir, þ.e. frá 10° til 20°, sem segir að atlögunar að látna hafi komið úr lítilli hæð, gerandi beygt sig yfir látna. Frákastsblettirnir eru blóðblettir sem hafa kastast af eggvopninu sem ítrekað var lagt í höfuð og andlit látna.

Vinstra megin við höfuð látna á svalagólfinu voru einnig frákastsblettir sem náðu lengst í 1,93 metra fjarlægð frá látna. Sú staðreynd að litlir blóðblettir kastist í allt að þriggja metra fjarlægð frá legu látna bendir sterklega til þess að atlögunar hafi verið veittar af miklu afli.“

Um rannsókn „að innan“, þ.e. í íbúðinni, er því lýst í skýrslunni að við vesturvegg stofunnar hafi staðið stakur stóll og þriggja sæta sófi. Á stofugólfinu, um 85 til 90 sm framan við sófann, hafi verið 45 til 54 sm breiður blóðferill, svonefndur yfirfærslublettur, sem myndað hafi dragför í blóði frá sófanum, að svaladyrunum og út á svalirnar. Orðrétt segir svo í skýrslunni:

„Dragferillinn var athygliverður fyrir það að vera óslitinn frá sófanum að svölunum og að hvergi var að sjá umbrot í ferlinum, sem bendir sterklega til þess að lífvana og/eða meðvitundarlaus líkami hafi verið dreginn eftir stofugólfinu. Þess ber að geta að látni bar tvö djúp stungusár á brjóstakassa, auk stungu í vinstra læri, og má því fastlega gera ráð fyrir að hann hafi hlotið þær stungur sitjandi í sófanum þar sem engir blóðdropar eða aðrir blóðferlar voru sjáanlegir á gólfinu eða í sófanum. Eftir stungurnar hefur gerandi tekið í brotþola og lagt hann á kviðinn og dregið hann út á svalirnar. Sjá mátti blóðmagnið í dragferlinum aukast nær svölunum sem er rökrétt miðað við blæðingar frá sárnum sem og [þá] staðreynd að blóðið leitar niður vegna þyngdaraflsins.“

Í skýrslunni segir enn fremur að bráðabirgðaniðurstöður úr réttarkrúfningu á líki brotþola styðji mat skýrsluhöfundar varðandi frákastsbletti á svölunum, þ.e. að stungur í andlit, höfuð og háls hafi komið eftir andlát og blóðferlarnir því kastast af blóðugu eggvopni úr lágri stöðu á svölunum. Einnig bendi óslitin dragför eftir stofugólfinu út á svalir sterklega til þess að viðkomandi hafi verið látinn eða meðvitundarlítill þegar líkaminn var dreginn eftir gólfinu þar sem hvergi hafi verið að sjá í ferlinum ummerki um nokkurs konar umbrot eða mótsþyrnu.

N rannsóknarlögreglumaður gerði fyrir dómi grein fyrir menntun sinni, reynslu og sérþekkingu á sviði blóðferlagreininga. Staðfesti hann framangreinda skýrslu sína um blóðferlarannsókn og gerði nánari grein fyrir niðurstöðum hennar. Kvaðst hann telja líklegra að brotþoli hafi setið í sófanum þegar hann var fyrst stunginn en að hann hafi staðið framan við sófann, því að þá hefðu verið meiri líkur en minni á að blóð félli af áhaldinu niður á gólfið. Kvaðst hann ekki telja meira en nokkrar sekúndur og aldrei meira en eina mínútu hafa liðið frá fyrstu stungunum í brjóstholið þar til brotþoli hafi verið dreginn á maganum eftir gólfinu út á svalir. Hefði lengri tími liðið hefðu fót hans verið mettaðri af blóði og blóðferillinn á gólfinu því átt að vera blóðríkari fremst við sófann og átt að þynnast eftir því sem nær kæmi svölunum og jafnvel hefðu þá átt að vera blóðpollar í setu stólsins. Hafi það vakið sérstaka athygli rannsakenda að ekkert blóð hafi fundist á ætluðum upphafsstað árásarinnar við hægindastólinn, þrátt fyrir mjög gaumgæfilega athugun. Kvað vitnið þetta styðja það að atburðarásin hafi verið hröð.

Vitnið gerði þá leiðréttingu á skýrslu sinni að sem þar segi að hinum látna hafi á svölunum verið veittir áverkar þar sem hann lá á bakinu eða hvíldi á „vinstri síðu“, hafi átt að standa „hægri síðu“. Til að geta veitt brotþola þá u.þ.b. 80 áverka sem fundist hafi á vinstri hlið andlits hans og höfuðs hafi brotþoli þurft að vera á bakinu eða á hægri hlið. Það að brotþola hafi síðan verið velt við í þá stöðu sem hann fannst í styðji enn fremur frákastsblettir sem fundist hafi undir maga hans, staðsetning dragferilsins og staða fótleggja brotþola þegar að var komið.

Aðspurt kvaðst vitnið telja geranda réttthentan og byggja það álit sitt á ályktun um staðsetningu gerandans vinstra megin við brotþola á svölunum og því að áverkar séu langflestir á vinstri hlið höfuðs hans.

Aðspurður hvort eitthvað benti til þess að brotþoli hafi verið færður fram og aftur á svölunum, en ekki bara velt til hliðanna, neitaði vitnið því og benti á að dragferillinn hafi verið „óslitin slóð alveg í endastöð“. Blóðferlarnir tali sínu máli og útilokað sé annað en að ummerki hefðu sést um það ef brotþoli hefði ekki verið dreginn í einni óslitinni hreyfingu alla leið í endastöð úti á svölunum. Kvaðst vitnið 100% visst um að um eina óslitna hreyfingu hafi verið að ræða, fyrir utan smá „hik“ þar sem farið hafi verið yfir þröskuld. Benti vitnið á að ljósmyndir sýni vel þessa samfellu ferilsins inni í stofunni og úti á svölunum.

Aðspurt í tilefni þess að ekkert blóð fannst á þeim tveimur hettupeysum ákærða sem hald var lagt á, kvað vitnið það fara mjög eftir aðstæðum hvort blóð slettist á geranda við hnífsstungur. Séu stungurnar að koma „frá hlið og út“ þá þurfi það ekki að gerast. Benti vitnið á að frákastsblettir hægra megin á svölunum stefni mestmegnis í átt að svalagafla og stofuglugga. Vitnið kvaðst þó telja líklegt að gerandinn hafi orðið blóðugur á hendi, miðað við þann fjölda stungusára sem um ræði

og þá staðreynd að hnífurinn sé án hjalta. Kvaðst vitnið því telja líklegt að eitthvert blóð hefði átt að finnast á peysu geranda eftir slíkan atgang. Lagði hann þó áherslu á að svo þyrfti ekki að vera, heldur færi það allt eftir atvikum og skipti í þeim efnum m.a. máli hvort hjartað væri enn að dæla blóði þegar áverkar væru veittir.

Borin var undir vitnið afstöðumynd af íbúð brotþola með merkingum ákærða við skýrslugjöf fyrir dómi á þeim stað þar sem hann taldi sig hafa komið að brotþola. Fullyrti vitnið að það gæti ekki staðist að brotþoli hafi legið eins og ákærði hafði merkt, hálfur úti á svölum með kviðinn á þröskuldinum, né heldur annars staðar á þeirri leið sem hann var dreginn, enda hefðu þá átt að sjást um það skýr ummerki í ferlinum og mun meira blóð en sjáist t.d. við þröskuldinn.

Vitnið var spurt hvenær loppuför í dragferlinum gætu hafa myndast. Benti vitnið á að ferillinn sé þunnur og blóð sé fljótt að storkna. Kvaðst hann telja, miðað við reynslu sína af tilraunum með storknun blóðs, að mest 15 mínútur gætu hafa liðið frá því að ferillinn myndaðist þar til dýrið hafi stigið í hann, en fram kom að þær tilraunir hafi raunar miðast við blóðbletti en ekki þunnan blóðferil eins og hér um ræði.

Í skýrslu I réttarmeinafræðings, dags. 17. júlí 2013, um krufningu á líki brotþola sem fram fór 8. maí s.á., er þeim fjölmörgu sárum sem fundust á líkama brotþola nákvæmlega lýst og kemur þar fram að flest sáranna hafi verið vinstra megin á höfði og andliti brotþola, en einnig á hálsi, bringu, vinstra læri og á höndum. Fram kemur að tvö brot úr hnífsblaði hafi fundist í höfði brotþola við krufninguna. Etanólmettun í blóði brotþola hafi mælst 2,07% og 1,47% í þvagi, sem bendi til ölvunar á dauðastundu. Kafli skýrslunnar um krufningsniðurstöður og dánarorsök er svohljóðandi í íslenskri þýðingu:

„[Brotþoli] dó af völdum mikils blóðsmissis eftir stungur. Skurðsárin voru að minnsta kosti 92. Tvö stungusár í bringu lentu í hægri hjartahólfi og rufu það og ollu miklum blóðmissi sem nam rúmum tveimur lítrum í vinstra brjóstholi. Önnur þessara stungna var vinstra megin á brjósti og olli um 3,6 sm löngu opi á hægri hjartahólfi rétt fyrir neðan lungnaslagæðarlokuna. Þessi stunga var um 13 sm djúp. Hin stungan rauf hægri hjartaslegil á miðju með 0,7 sm gati. Vegna þessara opa á hægri hjartahólfi gat hjarta- og æðakerfið ekki lengur flutt nægilegt blóð til lungna- og æðakerfisins. Vegna hærri þrýstingsmótstöðu í lungnanu en í brjóstholinu rann blóðið aðallega út í brjóstholið. Fyrir vikið lækkaði blóðþrýstingurinn strax og líffærið fékk ekki lengur nægilegt slagæðablóð.

Vegna þessa er hægt að útskýra að engar áberandi blæðingar voru úr flestum sárum á höfði og hálsi. Blæðingar á höfði og hálsi eru allar vinstra megin á líkamanum, á þeirri hlið sem hinn látni lá þegar [hann] fannst. Bent er á að sig (blettir

eftir andlát) gæti hafa aukið blæðingarnar. Engu að síður má álykta að sum sáranna voru veitt meðan hjarta- og æðakerfið var varla virkt.

Sárin á höndunum eru svonefnd varnarsár. Þetta sýnir að [brotaþoli] var fær um, að minnsta kosti í augnablik, að reyna sjálfsvörn. Í varnarsárunum voru einhverjar blæðingar sem styður þá tilgátu að þegar sárin voru veitt, var eitthvað blóðflæði í höndunum. Afleiðing skyndilegrar lækkunar á blóðþrýstingi í æðum er brátt rænuleysi sem gæti skýrt hversu varnarsárin eru fá.

Flest sárin höfðu einn þverhyrndan eða sporðlaga enda. Þetta verður yfirleitt þegar hnífur með einni egg er notaður. Hnífurinn sem fannst á vettvangi er með einni egg og blaðið er um 18 sm langt. Hnífurinn mjókkar í um 4 sm. Öll sárin á líkamanum gætu verið eftir þennan hníf.

Rákarlaga áverka/skrámur á brjóstkassa og kviðarholi mætti skýra sem tilraun til að stinga með hnífnum sem hafði þá brotnað. Lögur og lengd áverkanna passar við þverskurð brotna hnífsins sem fannst á vettvangi. Þetta táknar að mögulega hafi verið reynt að stinga líkið eftir að hnífurinn brotnaði.

Vegna gerðar, blæðinga og skorts á blæðingum í sumum sárum og lögum sáranna, má álykta um tímaröð sáranna:

Fyrst voru stungur í brjóstkassa sem fóru í gegnum bringuna, beinið, vinstra efra lungnablað og hjartað. Ein þeirra rauf gollurshúsið og hægra hjartahólfið fyrir neðan lungnaslagæðina og leiddi til snöggrar lækkunar á blóðþrýstingi.

Í sumum stungunum í höfuð og háls voru litlar blæðingar. Þetta þýðir að þegar sárið var veitt var eitthvað blóðflæði til staðar.

Varnarsárin gætu hafa orðið fyrir stunguna í hjartað, á milli þessara stungna eða við fyrstu stungunna í höfuð/háls. Þær hljóta að ...[sic].

Í mörgum stungum á höfði sjást engar blæðingar. Vegna þess hljóta þær að hafa verið veittar þegar blóðflæðið hafði minnkað.

Ekki var hægt að skipa stungum á fótlegg í tímaröð. Nokkur blæðing sýnir að eitthvað blóðflæði var til staðar. Lögur sáranna sýnir að hnífurinn hefur ekki verið brotinn þegar sárin voru veitt.

Smáblæðing í vinstra efra augnlokið getur verið eftir högg eða hana má skýra sem blæðingu eftir stungu nálægt auga.

Stungur í hjarta orsökuðu dauða. Við krufningu og vefja- og eiturefnarannsókn fundust engir líffærasjúkdómar eða eitrun sem geta skýrt dauðann. Dauðdaginn er óeðlilegur.“

Í niðurlagi skýrslu réttarmeinafræðingsins kemur fram að dánarstund sé áætluð milli kl. 20:40 að kvöldi mánudagsins 6. maí og kl. 1:47 að morgni þriðjudagsins 7. maí „með 95% öryggisbili“.

Í tölvupósti frá réttarmeinafræðingnum, dags. 27. ágúst sl., kemur fram að í texta skýrslunnar um varnarsár, þar sem hluta setningar vanti, hafi átt að standa að þau sár hljóti að hafa verið veitt á meðan brotaþoli var með meðvitund.

Nefndur réttarmeinafræðingur, I, gaf tvívegis skýrslu fyrir dómi, fyrst símleiðis með aðstoð löggilts túlks í ensku, en þar sem meinbugir reyndust á þeirri framkvæmd var skýrslutökunni hætt og ákveðið að fá vitnið fyrir dóm í eigin persónu. Gaf hann á ný skýrslu við framhaldsaðalmeðferð málsins á móðurmáli sínu, þýsku. Staðfesti hann framangreinda krufningskýrslu og gerði nánari grein fyrir henni, sem og menntun sinni og reynslu í starfi.

Vitnið bar að sárin á brjósti brotaþola hafi sennilega verið þau fyrstu sem veitt voru og þá nánast samtímis. Þessi sár hafi verið þau einu sem voru banvæn og hafi leitt til þess að blóðþrýstingurinn hafi lækkað ört og brotaþoli sennilega strax misst rænu, eða á innan við 10 til 30 sekúndum. Megnið af blóðinu sem fannst á svalagólfinu hafi sennilega runnið úr þessum sárum. Aðspurt kvað vitnið alls ekki líklegt að blóð hafi gusast úr sárunum og sennilega ekki mikið runnið úr þeim strax því að vöðva- og fituvefurinn myndi þjappa sárunum saman.

Sárin á höndunum og sár á læri hafi verið veitt um það bil á sama tíma og sárin á brjóstinu, en í þessum sárum hafi verið einhverjar blæðingar. Sárin á höndunum séu sennilega varnarsár, sem sjáist af óreglulegri löggun þeirra. Sárin á höfði hafi sennilega verið veitt undir lokin. Í einhverjum sáruna á vinstri hlið höfuðs hafi verið blæðingar, en brotaþoli hafi fundist á þeirri hlið í blóðpolli. Vegna þess sé ekki hægt að segja með vissu til um það hvort blæðingar í þeim sárum hafi orðið eftir dauða eða á meðan brotaþoli var enn á lífi og þar af leiðandi sé ekki hægt að segja til um hve löngu eftir hin sárin þessi sár á höfði séu tilkomin. Sárin á höfðinu hafi verið síðustu sárin sem farið hafi í gegnum vef, en til viðbótar hafi verið yfirborðssár á hálsi, brjóstkassa og læri, sem komi heim og saman við að reynt hafi verið að stinga með hnífnum eftir að hann brotnaði. Vitnið staðfesti að tveir hlutar af hnífsoddi hafi fundist í höfði brotaþola við krufningu.

Bæði skurðsárin á brjósti hafi farið í gegnum bein, annað í gegnum brjóstbeinið og hitt í gegnum fimmta rifbeinið. Mjög mikið afl hafi þurft til þess að reka hnífinn þannig í brjóst brotaþola. Aðspurt hvort mögulegt sé að brotaþoli hafi sjálfur getað veitt sér hin banvænu sár í brjostið, benti vitnið á að mikið afl þyrfti til að stinga hníf í gegnum brjóstbein. Fræðilega sé það ekki útilokað, en enn ólíklegra teldist þá að brotaþoli hefði getað stungið sig aftur í brjostið.

Vitnið kvað stungur í brjóst brotaþola hafa stungist beint inn í líkama hans að framan. Sárin á vinstri hlið andlitsins liggi að mestu leyti samhliða og hafi komið að framan eða frá vinstri hlið brotaþola, sérstaklega sárin sem liggi við eyra og á aftari hlið höfuðs sem hljóti að hafa komið frá vinstri hlið hans. Það merki ekki endilega að

gerandinn hafi staðið vinstra megin við brotaþola heldur geti hann hafa staðið fyrir framan eða fyrir ofan hann og stungið til vinstri. Sýndi vitnið í réttinum hvernig gerandinn gæti hafa haldið á hnífnum, en kvað ekki verða fullyrt af stefnu sáranna hvort gerandinn hafi verið rétthentur eða örvhentur.

Vitnið staðfesti að hafa skoðað líkið og ummerki á vettvangi. Jöfn blóðslóðin bendi til þess að brotaþoli hafi verið ófær um að hreyfa sig er hann var dreginn. Benti hann á að slóðin hafi einnig verið órofin, þó þannig að meira blóðmagn hafi verið að finna þar sem farið hafi verið í gegnum svaladyr. Blóðmagnið þar hafi þó verið það lítið að brotaþoli geti ekki hafa legið þar lengi, heldur samsvari magnið því að honum hafi verið lyft lítilliga til að koma honum yfir þröskuldinn. Kvaðst vitnið ekki hafa skoðað blóðferla nákvæmlega en minnst blóðferla á svölunum sem hann teldi benda til þess að höfuð brotaþola hafi skolið í blóðpoll. Aðspurt kvaðst vitnið telja líklegt að blóð hefði átt að finnast á ermi geranda við úlnið.

Við fyrri skýrslutöku af vitninu fyrir dómi kom fram að vitnið teldi ólíklegt að langur tími hafi liðið frá því að brotaþola voru veittar stungur í brjóst þar til stungur í höfuð voru veittar. Við síðari skýrslutöku fyrir dómi kvað vitnið aðspurt þó ekki unnt að útiloka að einhver stund, jafnvel nokkrar klukkustundir, hafi liðið áður en sárin á höfðinu voru veitt. Vitnið ítrekaði þó að ef líkið hefði legið í einhverja stund annars staðar en það fannst hefði blóðslóðin borið þess merki.

Vitnið kvaðst telja að fáeinar mínútur geti mest hafa liðið frá því að blóðslóðin myndaðist þar til þófaförin í blóðslóðinni mynduðust, líklega undir 2 mínútum m.v. þykkt blóðslóðarinnar.

Í málinu liggja fyrir nokkrar skýrslur O, sérfræðings við tæknideild LRH. Er þar í fyrsta lagi um að ræða skýrslu, dags. 18. júní 2013, um rannsókn á fatnaði og lífsýnum sem varðveitt voru við réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða 7. maí 2013. Kemur þar fram að fatnaður ákærða, sokkar, stuttbuxur og hvít hettupeysa með mynstri og rennilás, hafi verið skoðaður með Polilight-fjölbylgjuljós-gjafa en ekkert markvert hafi verið sjáanlegt í flíkunum. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að í þeim gögnum sem tekin voru til rannsóknar fundust engin lífsýni sem nothæf gátu talist til DNA-kennslaggreiningar.

Skýrsla, dags. 24. maí 2013, fjallar um rannsókn á gögnum sem haldlögð voru í íbúð ákærða, en um var að ræða fatnað ákærða, svarta og hvíta hettupeysu með rennilás, þrjá staka svarta sokka og brúnar síðbuxur, ásamt vatnssýnum úr vatnslásum vaska í eldhúsi og baðherbergi, sængurver og handklæði úr hundabúri og fjórar öskjur með stroksýnum af fótum hunds ákærða. Kemur þar fram að flíkurnar og klæðin úr hundabúrinu hafi verið skoðuð með Polilight-fjölbylgjuljós-gjafa, sýni tekin úr blettum og prófuð fyrir blóði. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að á einum sokkanna og á buxum fundust blettir sem gáfu jákvæða svörun við for- og staðfestingarprófum sem

blóð og sem talin voru lífsýni nothæf til DNA-kennslaggreiningar. Ekkert stroksýnanna af hundinum gaf svörun. Sýni úr vatnslásnum voru varðveitt en ekki rannsökuð að svo stöddu.

Í skýrslu, dags. 19. júní 2013, greinir frá rannsókn á fatnaði brotþola. Er niðurstaða þeirrar skýrslu í stuttu máli sú að í fatnaðinum hafi fundist blettir sem gáfu jákvæða svörun við blóðprófi, sem ekki hafi þótt ástæða til að rannsaka frekar í ljósi sjáanlegra áverka brotþola. Fram kemur að samræmi hafi verið milli stærðar og staðsetningar sjáanlegra gata í peysu og stuttermabol og að útlit gatanna hafi samræmst því að þau væru eftir eggvopn. Svipaðri niðurstöðu er lýst um göt á íþróttabuxum og síðum nærbuxum.

Í skýrslu, dags. 21. maí 2013, um rannsókn á hnífi og hnífsbrotum, kemur fram sú niðurstaða að á báðum hliðum blaðs hnífsins, sem haldlagður var í íbúð brotþola, hafi fundist blettir sem gefið hafi jákvæða svörun við for- og staðfestingarprófum sem blóð og séu lífsýnin talin nothæf til DNA-kennslaggreiningar. Ekkert markvert hafi verið sjáanlegt á skefti hnífsins en stroksýni tekið af því. Blaðið sé bogið um 11° til hægri m.v. að horft sé ofan á bakka og brotið bæði framan af því og upp úr egg blaðsins, auk þess sem brotnað hafi upp úr skefti, líklega vegna spennu er myndast hafi er blaðið bagnaði. Lögum og stærð plastbúts sem fundist hafi í íbúðinni hafi fallið fullkomlega í sárið þar sem brotnað hafði upp úr skefti hnífsins. Tvö hnífsbrot sem haldlögð hafi verið við réttarkrufningu hafi fallið saman þannig að talið sé að þau séu bæði komin frá sama blaðinu. Brot á stærra blaðinu hafi einnig fallið að brotsári hnífsins og því talið að hnífsbrotin hafi brotnað af hinum haldlagða hníf.

Loks er í skýrslu, dags. 21. maí 2013, greint frá rannsókn á hring af hægri baugfingri ákærða, sem haldlagður hafi verið við réttarlæknisskoðun, og á farsíma ákærða sem haldlagður hafi verið í svefnherbergi í íbúð hans. Kemur þar fram að munir þessir hafi verið skoðaðir með Polilight-fjölbylgjuljós-gjafa en ekkert markvert komið í ljós. Stroksýni af símanum hafi ekki gefið svörun við blóðprófi. Er niðurstaða rannsóknarinnar því sú að engin lífsýni hafi fundist sem nothæf séu til DNA-kennslaggreiningar.

Í skýrslu, dags. 27. júní 2013, er að finna greinargerð vegna DNA-rannsóknar hjá Statens kriminalteknisk laboratorium (SKL), en ásamt henni liggur fyrir skýrsla SKL á frummálinu, dags. 2. júlí 2013. Í niðurstöðukafla segir að til rannsóknar hafi verið send 16 sýni sem varðveitt höfðu verið við rannsókn á hníf og fatnaði ákærða, svo og við vettvangsrannsókn, en til samanburðar við rannsóknina hafi verið sýni frá brotþola og ákærða. Frumrannsókn hafi sýnt að blóð hafi verið til staðar í öllum sýnunum, utan eins. Öll sýnin hafi verið rannsökuð frekar og þau greind með DNA-greiningaraðferðum þar sem DNA-snið þeirra hafi verið ákvörðuð. Niðurstöðum er í framhaldinu orðrétt lýst svo:

„Niðurstöður greininga á sýnum af hníf sýndu að DNA snið sýna, sem varðveitt voru af hnífsblaðinu, var hið sama og DNA snið hins látna. Í sýni, sem varðveitt var af skefti hnífsins, reyndist vera blanda DNA sniða frá a.m.k. tveimur einstaklingum. Það DNA snið sem var í meirihluta í sýninu var eins og DNA snið hins látna en ekki var unnt að samkenna það viðbótar DNA sem í sýninu var.

DNA snið tveggja sýna, sem varðveitt voru af framhlið á buxum hins grunaða, voru eins DNA sniði hins grunaða, en DNA snið annarra sýna, sem varðveitt voru af fatnaði hans (tvö sýni af sokk og tvö af buxum) voru eins og DNA snið hins látna.“ Nánar tiltekið kemur fram í skýrslunni og niðurstöðu SKL að um sé að ræða sýni bæði ofan af og undir il sokksins og á innanverðri framhlið hægri skálmar og bakhlið vinstri skálmar buxnanna.

Í niðurstöðukaflanum kemur enn fremur fram að staðfest hafi verið að blóð var til staðar í öllum sýnum frá vettvangi nema einu, stroksýni sem tekið hafi verið umhverfis blóðblett á svalahandriðinu. Sýnið hafi verið rannsakað áfram m.t.t. til annarra lífsýna, en ekki gefið niðurstöður. DNA-snið sýna frá svalagólfi, svalahandriði, dyragætt í svalahurð og skáphurð í forstofu hafi öll verið eins og DNA-snið brotþola. Greining á sýni úr blóðslóð á gólfi íbúðarinnar hafi ekki gefið niðurstöður, þrátt fyrir að blóð hafi verið til staðar í sýninu. Í skýrslu, dags. 5. júlí 2013, viðbótargreinargerð vegna DNA-rannsóknar, kemur fram að við frekari rannsókn á greindu sýni hafi DNA-snið þess verið ákvarðað og reynst eins og DNA-snið brotþola. Í niðurlagi framangreindra skýrslna um DNA-rannsóknir kemur fram að miðað við þá tækni og aðferðafræði sem rannsóknarstofa SKL noti, megi ganga út frá því um áreiðanleika niðurstöðunnar, að líkurnar á að finna sams konar snið frá óskyldum einstaklingi séu ávallt minni en 1:1.000.000.000, en unnt sé að reikna líkurnar í hverju máli fyrir sig ef þurfa þyki.

Eftir að aðalmeðferð málsins var hafin var að ósk sækjanda, sem verjandi ákærða tók undir, ákveðið að senda frekari sýni til DNA-kennslaggreiningar og bárust niðurstöður þeirrar rannsóknar með svari SKL, dags. 19. september 2013, sem liggur fyrir í íslenskri þýðingu. Í skýrslu O, sérfræðings tæknideildar LRH, dags. 23. september 2013, greinargerð vegna DNA-rannsóknarinnar, kemur fram að til rannsóknar hafi verið send 18 sýni, til viðbótar við áður send sýni, þ.e. sýni úr vatnslásum vaska í íbúðum brotþola og ákærða, naglaskaf sem tekið hafi verið við réttarlæknisskoðun ákærða og sýni af ætluðum blóðblettum í buxum og sokki ákærða.

Í stuttu máli sagt kemur þar fram að í sýni úr vatnslás í vaski á baðherbergi í íbúð brotþola hafi verið að finna blóðleifar, en ekki hafi verið til staðar DNA nothæft til samkenningar. DNA-snið lífsýna úr naglaskafi frá ákærða hafi reynst hið sama og hans sjálfs.

Úr ofanverðum sokki ákærða, merktum I, hafi verið send fjögur sýni sem við frumrannsókn hafi öll gefið svörun við blóðprófi. Eitt sýnanna hafi við frekari rannsókn ekki reynst innihalda DNA nothæft til samkenningar, en niðurstöður greininga á hinum þremur sýnunum hafi sýnt DNA-snið eins og snið brotaþola.

Úr buxum ákærða hafi verið send 9 sýni, en eitt þeirra hafi við frumrannsókn ekki gefið svörun við blóðprófi og því ekki verið rannsakað frekar. Við framhaldsrannsókn hafi auk þess eitt sýnanna ekki reynst innihalda DNA nothæft til kennslaggreiningar. Þessi tvö sýni hafi verið úr blettum neðst á framanverðri hægri skálm buxnanna. DNA-snið annarra sýna hafi verið ákvarðað og hafi fimm sýnanna reynst hafa sama DNA-snið og ákærði en tvö sýnanna sama DNA-snið og brotaþoli. Fram kemur að þessi fimm sýni sem samkennd voru við ákærða séu úr blettum í læris- og hnéhæð á framanverðum buxunum, en sýnin sem samkennd hafi verið við brotaþola séu bæði úr blettum neðst á framanverðri hægri skálm buxnanna.

Skýrslunni fylgir samantekt, dags. 24. september 2013, þar sem niðurstöður DNA-rannsókna eru settar fram á ljósmyndum af buxunum og sokkinum.

Nefndur skýrsluhöfundur, O, sérfræðingur hjá tæknideild LRH, gaf tvívegis skýrslu fyrir dómi, fyrst við upphaf aðalmeðferðar og síðan við framhald hennar, í tilefni af nýjum gögnum sem þá höfðu verið lögð fram. Gerði hann grein fyrir reynslu sinni og menntun á sviði réttarvísinda, með DNA-greiningar sem sérsvið, staðfesti skýrslugerð sína í málinu, fór yfir niðurstöður DNA-rannsókna á blóðblettum í buxum og sokk ákærða og svaraði spurningum að þeim lútandi.

Í framburði hans kom fram að fimm blettir ofan á sokk, sem miðað við óhreinindaferla undir il væru af hægri fæti, væru dropalaga og benti lögun þeirra til þess að blóð hafi fallið ofan á sokkinn, frekar en að eitthvað hafi stökist við hann. Kom fram að stærsti bletturinn væri 4 sm sinnum 0,7 sm en sá minnsti 0,3 sm sinnum 0,5 sm að stærð. Kvað hann það sameiginlega niðurstöðu þeirra N, að droparnir hafi að öllum líkindum fallið beint eða svo til beint niður á sokkinn, en um það verði þó ekki fullyrt með vissu sökum þess að efni sokksins sé þannig að útlínur dropanna hafi dreifst og því örðugt að segja til um áfallshorn. Aðspurður hvort þessir blettir gætu þá samrýmst blettum á svalagólfi, sem í skýrslu um blóðgreiningu séu taldir hafa fallið beint niður (90° blettir) þar sem gerandi sé talinn hafa staðið, ítrekaði vitnið að útlit blettanna bendi til þess að þeir hafi fallið beint niður á sokkinn, en hvenær í ferlinu það hafi gerst sé hins vegar ekki hægt að segja til um. Allir þessir blettir á sokknum séu blóð úr brotaþola, nema einn sem við rannsókn hafi gefið svörun við blóðprófi en magn DNA hafi ekki reynst nægt til samkenningar. Blóðblettur fremst undir táhluta sokksins væri kám, líkt og stigið hafi verið í blóð. Þar sé einnig um blóð úr brotaþola að ræða.

Hvað buxurnar varðar hafi blóðblettir á báðum skálmum framanverðum í hnéhæð eða þar um bil allir reynst úr ákærða sjálfum.

Blettur neðst á aftanverðri vinstri skálm, um 2,5 sinnum 1,5 sm að stærð, sé blóð úr brotaþola. Lögun hans sé ekki „hefðbundin“ sletta og gæti verið kám, en vitnið kvaðst að öðru leyti ekki geta sagt til um hvernig hann sé tilkominn.

Stór blettur á innanverðri hægri skálm, um 14 sinnum 2,5 sm að stærð, sé úr brotaþola og sé kám, sem ekki sé útilokað að hafi myndast við það að skálmin hafi stökist yfir blóðugan hægri sokkinn.

Margir smáir blóðblettir neðst á hægri buxnaskálminni framanverðri séu úr brotaþola. Fullyrti vitnið að um slettur sé að ræða en ekki kám. Um tilurð þeirra bletta sagði vitnið þetta vera frákastsbletti sem hafi slest á buxnaskálmina úr mjög lítilli hæð. Aðspurður kvað hann þetta í samræmi við hið lága áfallshorn blóðslettna á svölunum sem um ræddi í skýrslu N um blóðferlagreiningu.

Við fyrri skýrslutöku af vitninu fyrir dómi kom fram að vitnið teldi ekki líklegt að þessir mörgu litlu blettir á framanverðri hægri skálm gætu hafa myndast við það að ákærði stigi sjálfur í blóðpoll, heldur frekar við það að eitthvað annað hafi fallið í blóðpoll, en þar gæti aðeins verið um að ræða líkið sjálft. Einnig gæti verið um að ræða frákast frá því er áverkar voru veittir. Lýsti vitnið því áliti sínu að dreifing blóðbletta og útlit þeirra benti fremur til þess að ákærði hafi verið viðstaddur þegar það blæddi úr hinum látna frekar en að þeir væru tilkomnir við það eitt að færa líkið til.

Við síðari skýrslugjöf vitnisins dró vitnið úr framangreindum framburði sínum og kvað að betur athuguðu máli, eftir samráð við blóðferlasérfræðinginn N og að fengnum öllum DNA-niðurstöðum, að mögulegt sé að þessar litlu slettur framan á buxnaskálm ákærða hafi hlotist við það er brotaþoli var dreginn yfir svalaþröskuldinn, enda hafi þar sést litlar blóðslettur með stefnu út á svalir frá þröskuldinum.

Önnur vitni:

B, sambýliskona og barnsmóðir ákærða, kaus að gefa skýrslu fyrir dómi. Í framburði hennar kom fram að umrætt kvöld, mánudagskvöldið 6. maí sl., hafi þau ákærði heimsótt [...], þar sem ákærði hafi verið bitinn í fingur af hundi [...]. Þaðan hafi þau farið á heilsugæslustöð, en síðan heim og þá hafi ákærði ákveðið að fara út að ganga með hundinn. Ákærði hafi síðan komið heim „mjög fullur“ og í fylgd með lögreglu. Ákærði hafi verið „ágætlega fullur“ þegar hann fór út með hundinn, þá klæddur brúnum buxum, hvítri hettupeysu, hvítum jakka yfir peysunni og í „Croc“ skóm. Kvaðst vitnið ekkert hafa orðið vart við ákærða frá því að hann fór út þar til hann kom heim og taldi vitnið að um ein og hálf klukkustund hafi þá verið liðin. Lögreglan hafi komið inn fyrir með ákærða og beðið um símanúmer hans. Ákærði hafi

verið með einhver „læti“ og sagt vitninu að gefa ekki upp númerið, en vitnið hafi samt gert það. Barn þeirra hafi vaknað við þetta. Ákærði hafi klætt sig úr fötunum í eldhúsinu og vitnið rekið hann í rúmið, en lögreglan hafi yfirgefið íbúðina er hann hafi verið kominn þangað. Ákærði hafi sofnað innan fárra mínútna, en vitnið vakað með barninu í um klukkustund. Ákærði hafi ekki farið aftur út eftir þetta.

Vitnið kvað ákærða hafa komið með eina bjórdós með sér heim, en vitnið kvaðst hafa hellt úr dósinni og hent henni. Hann hafi verið í sömu fötum og fyrr. Aðspurt hvort hann hafi verið í einhverri flík innan undir peysunni og jakkanum kvað vitnið hann hafa verið í hvítum bol, en kvaðst ekki vita hvað orðið hafi um bolinn. Ákærði hafi verið klæddur stuttbuxum, sokkum og annaðhvort hvítu hettupeysunni eða hvíta jakkanum sem hann hafi klæðst um kvöldið, er hann var færður á lögreglustöð morguninn eftir. Bornar voru undir vitnið myndir af fatnaði sem haldlagður var, hvítri og svartri hettupeysu, brúnum buxum og hvítri hettupeysu með dekkra mynstri, sem vitnið staðfesti að væru fötin sem ákærði hafi klæðst og tók fram að það hafi verið hettupeysan með mynstrinu sem hann hafi klæðst yst fata.

C gaf skýrslu fyrir dómi og varpaði ljósi á hagi brotþola, sem hún kvaðst, ásamt eiginmanni sínum, hafa átt góð vinatengsl við um árabil. Þau hjónin hafi verið honum innan handar og verið þau sem helst hafi heimsótt hann. Brotþoli hafi verið öryrki eftir veikindi sem hann hafi átt í fyrir mörgum árum og ekki unnið úti um árabil. Kvaðst vitnið hafa heimsótt brotþola reglulega, síðast á miðvikudegi fáeinum dögum fyrir andlát hans.

Vitnið kvaðst ekki vita til þess að brotþoli hafi átt í útistöðum við fólk eða átt sér óvildarmenn. Borinn var undir vitnið framburður ákærða um að brotþoli hafi umrætt kvöld viðhaft orð sem ákærði hafi skilið sem svo að brotþoli hefði kynferðislegan áhuga á börnum. Kvað hún fréttáflutning af þessum framburði ákærða hafa komið illa við sig og kvaðst aldrei hafa merkt neitt slíkt í fari brotþola. Tók hún fram að þau hjónin hafi verið vistforeldrar um áratugaskeið og brotþoli umgengist börn og ungmenni hjá þeim.

Vitnið var einnig spurt hvort hún myndi eftir hnífum í eldhúsbúnaði brotþola og lýsti hún tveimur hnífum, öðrum þeirra búrhníf með dökku skafti, líklega plastskafti, sem hafi verið kominn til ára sinna.

D, íbúi í fjölbýlishúsinu að [...], kvaðst fyrir dómi hafa orðið var við einhvern umgang og hávaða á svölum þar sem gengið sé inni í íbúðir fjölbýlishússins. Þetta hafi líklega verið um miðnætti og hafi staðið yfir í um 10-15 mínútur. Hafi hann heyrt einhvern kalla á hund og eitthvert bank, en ekki heyrt nein orðaskipti. Ónæðið hafi ekki verið slíkt að honum hafi þótt tilefni til að kanna málið frekar. Morguninn eftir hafi hann farið út á svalir íbúðar sinnar og þá séð mann liggjandi með vinstri vangann

í blóðpolli á svölum næstu íbúðar. Hafi hann þá strax hringt í Neyðarlínuna. Kvaðst vitnið hafa búið í húsinu síðan í [...] og ekki áður orðið vart við ónæði af þessu tagi.

Ekki voru teknar formlegar skýrslur af fleiri vitnum en eins og áður sagði var við frumrannsókn málsins rætt við fjölda íbúa í fjölbýlishúsinu [...] og í nærliggjandi húsi. Samkvæmt skýrslu um þá rannsókn kváðu nokkrir íbúanna hafa verið bankað upp á hjá sér seint að kvöldi 6. maí sl. af karlmanni sem beðið hafi um áfengi.

IV

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök manndráp með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 7. maí 2013 veist að brotþola, A heitnum, í íbúð hans að [...], Egilsstöðum, með því að stinga hann tvisvar sinnum með hnífi í brjóstið þannig að gekk til hjartans, en einnig með því að stinga brotþola ítrekað í líkamann eins og lýst er í ákæru, allt með þeim afleiðingum að hann hlaut bana af.

Ákærði neitar sök. Hann hefur við alla meðferð málsins kannast við að hafa átt þau samskipti við brotþola sem rakin hafa verið hér að framan, þ.e. að hafa setið að drykkju í íbúð hans uns kastast hafi í kekki þeirra á milli, sem lyktað hafi með því að ákærði hafi slegið brotþola nokkrum sinnum utan undir og rokið á dyr. Jafnframt ber hann um að hafa snúið aftur í íbúð brotþola, eftir að hafa leikið við hund sinn utan við fjölbýlishúsið í dágóða stund, og komið þá að brotþola látnum. Kveðst ákærði í ofboði hafa dregið líkama brotþola eitthvað til, en síðan rokið á braut á ný og eftir það hringt í Neyðarlínuna. Fyrir liggur að ákærði og brotþoli þekktust í raun ekkert fyrir þessi samskipti þeirra og að ákærði hafði einungis búið um mánaðarskeið í fjölbýlishúsinu.

Eins og hér að framan hefur verið rakið barst lögreglu tvívegis tilkynning um atgang í nefndu fjölbýlishúsi þann 7. maí sl. Í fyrra sinnið, kl. 00:50, eftir að Neyðarlínan hafði gert fjarskiptamiðstöð lögreglu viðvart um átök, en í síðara sinnið eftir að íbúi tilkynnti þá um morguninn að brotþoli lægi í blóð sínu á svölum við íbúð sína. Við komu lögreglumanna var íbúðin ólæst og fundu þeir brotþola látinn á svölunum. Var höfuð brotþola nærri handriði en fætur hans á þröskuldi svaladyranna. Blóðpollur var út frá efri hluta líkama brotþola. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var strax dregin sú ályktun af verksummerkjum, blóðslóð á stofugólfinu, að brotþoli hefði verið dreginn eftir gólfinu og út á svalir.

Samkvæmt framburði I réttarmeinafræðings, sem framkvæmdi krufningu á líki brotþola, þurfti mikið afl til að veita honum þau tvö stungusár sem gengu inn í brjósthólið og hjartað með skömmu millibili og leiddu til dauða hans, en annað þeirra fór í gegnum bringubein og hitt í gegnum rifbein. Telst með vísan til rannsóknargagna

og framburðar réttarmeinafræðingsins sannað að brotþola hafi verið ráðinn bani með eggvopni.

Fyrrgreind ummerki á vettvangi benda að álitni dómsins eindregið til þess að brotþola hafi verið veitt þau sár á brjósthóli sem drógu hann til dauða í stofu íbúðarinnar en að hann hafi síðan umsvifalaust verið dreginn þaðan lífvana út á svalir, þar sem honum hafi verið veittir fjölmargir áverkar til viðbótar, einkum í höfuð og andlit. Um þessa atburðarás báru rannsóknarlögreglumennirnir E, M og N, sérfræðingur í blóðferlarannsókn, allir á einn veg fyrir dómi og tók N fram að hann væri 100% viss um að atburðarásin gæti ekki hafa verið með öðrum hætti, hún hafi verið hröð og brotþoli hafi verið dreginn nær viðstöðulaust alla leið út á svalir, fyrir utan örlítið hik við þröskuld svaladyranna. Tók fyrrgreindur réttarmeinafræðingur, sem einnig kom á vettvang, undir að atvik hljóti að hafa verið með þessum hætti, þótt hann léti þess aðspurður getið að hann gæti ekki sagt til um það hve langur tími hafi liðið frá því að brotþoli hlaut hin banvænu sár á brjósti þar til honum voru veitt hin fjölmörgu sár á höfði, þar sem blæðingar í þeim sárum gætu hafa orðið eftir andlátinu. Í krufningarskýrslu réttarmeinafræðingsins kemur fram að öll sárin á líkama brotþola geti verið eftir þann hníf sem fannst í íbúð brotþola.

Að álitni dómsins telst einnig fullsannað að sá brotni og bogni hnífur sem fannst í sturtubotni á baðherbergi í íbúð hans hafi verið notaður til verksins, enda fannst á blaði hans blóð úr brotþola, auk þess sem brot sem pössuðu við blaðið fundust í höfði brotþola við krufningu. Samkvæmt framburði M rannsóknarlögreglumanns var ekki unnt að tengja hnífinn við sams konar hnífa á hvort heldur heimili brotþola eða ákærða. Hér ber þó að nefna að í trúverðugri frásögn C fyrir dómi, sem kvaðst hafa verið tíður gestur á heimili brotþola, lýsti hún hnífi sem hún kvaðst minnst úr eldhúsbúnaði brotþola sem getur svarað til lýsingar á morðvopninu. Rennir það nokkrum stöðum undir að hnífurinn eigi uppruna sinn á heimili brotþola þótt það teljist ekki fullsannað.

Á skafti hnífsins fannst DNA-efni úr brotþola, en jafnframt úr öðrum einstaklingi, þó ekki í nægjanlegu magni til að unnt væri að nota það til kennslaggreiningar. Ekki reyndist unnt að framkvæma fingrafararannsókn á skefti hnífsins samhliða sýnatöku til DNA-rannsóknar, eins og vitnið O útskýrði fyrir dómi. Samkvæmt framangreindu hefur við rannsókn á morðvopninu ekki verið unnt að tengja ákærða við það.

Við meðferð málsins hefur ákærði greint frá atöfnum sínum og gjörðum mánudaginn 6. maí sl. og þar á meðal að hann hafi hafið áfengisdrykkju um kl. 18:00, en jafnframt að hann hafi þá um kvöldið orðið fyrir hundsbíti. Liggur og fyrir að hann fór af þeim sökum á heilsugæslustöð, sem er í næsta nágrenni við heimili hans, laust fyrir kl. 23, þar sem honum var gefin stífkrampasprautu vegna bitsins.

Samkvæmt gögnum barst Neyðarlínunni áður rakið símtal úr símanúmeri ákærða kl. 00:47 aðfaranótt 7. maí sl. þar sem hann tilkynnti um látinn mann. Hefur ákærði bæði fyrir dómi og hjá lögreglu kannast við rödd sína í símtalinu. Að framangreindu virtu og samkvæmt framburði ákærða verður að leggja til grundvallar að brotþoli hafi verið á lífi nálægt miðnætti, en að hann hafi verið látinn áður en ákærði hringdi í Neyðarlínuna. Kemur það heim og saman við þá niðurstöðu krufningar að dánarstund brotþola hafi borið að á bilinu 20:40 að kvöldi 6. maí og til 1:47 aðfaranótt 7. maí sl.

Af hálfu ákærða er á því byggt að ekki liggi fyrir sönnun, sem hafin sé yfir skynsamlegan vafa, um að hann hafi orðið brotþola að bana og þótt ólíklegt virðist að annar gerandi hafi verið að verki en ákærði sé það ekki útilokað. Er í greinargerð sem lögð var fram af hálfu ákærða vikið að ýmsum atriðum sem ákærði telur að varpað geti vafa á sekt hans. Byggir ákærði m.a. á því að allt blóð úr brotþola sem fannst á fatnaði hans geti samræmst frásögn hans og hafa hlotist af því er hann tók á brotþola og dró hann eitthvað til, eftir að hafa komið að honum látnum.

Ákærði er einn til frásagnar um atburði í íbúð brotþola um miðnættið þann 7. maí sl. Framburður ákærða um að hann hafi yfirgefið íbúðina og snúið aftur þangað um 20-30 mínútum síðar, eftir að hafa leikið við hund sinn utan við fjölbýlishúsið, hefur því hvorki verið hrakinn né heldur fær hann stoð í rannsóknargögnum málsins. Að framburði ákærða verður nánar vikið síðar.

Við rannsókn lögreglu voru haldlagðar flíkur sem ákærði var færður í á lögreglustöð, sem og síðbuxur, þrír sokkar og hettupeysa, sem fundust á eldhúsgólfi í íbúð ákærða 7. maí sl. Af þessum flíkum fannst einungis blóð á nefndum buxum ákærða og einum sokkana. DNA-rannsókn leiddi í ljós að blóðblettir ofarlega á framanverðum buxaskálmum ákærða reyndust allir úr honum sjálfum, sem getur komið heim og saman við þá staðreynd að ákærði var bitinn af hundi að kvöldi 6. maí sl. og hlaut við það áverka á fingri sem hann leitaði til læknis með. Blóð úr brotþola fannst hins vegar neðst á báðum buxaskálmum hans, að hluta til kám en að hluta til blóðslettur, eins og nánar er rakið í frásögn af framburði O hér að framan. Samkvæmt framburði vitnisins samrýmast margir smáir slettublettir neðst á hægri skálminni framanverðri því að hafa komið úr lítilli hæð, sem samrýmist lágu áfallshorni þeirra blóðslettna sem fundust á svölunum. Í skýrslu N, rannsóknarlögreglumanns og blóðferlasérfræðings, um blóðferlagreiningu er getið um frákastsbletti frá höfði, hægri hendi og síðu brotþola í allt að 2,63 m fjarlægð, flestir hægra megin við brotþola á svölunum en einnig vinstra megin við höfuð hans í allt að 1,93 m fjarlægð. Hvergi er þar getið um frákastsbletti með stefnu út á svalirnar frá svalahurð, sem O minntist á í síðari framburði sínum fyrir dómi, en ekki er ástæða til að efa þær upplýsingar enda kom þar fram að O hafi haft samráð við N og að það sé sameiginlegt álit þeirra, að

fengnum niðurstöðum viðbótar DNA-rannsóknar, að blóðslettur á framanverðri hægri skálm ákærða kunni að hafa myndast við það er brotapolí var dreginn yfir þröskuld út á svalirnar. Er það álit O enda ákærða hafgellt og verður það lagt til grundvallar að þessir blettir geti allt eins hafa myndast við frákast er brotapolí var dreginn yfir svalaþröskuldinn eins og við annað frákast á svölunum.

Auk framangreindra bletta reyndist kámblettur með blóði brotapola á aftanverðri vinstri skálm innanfótar, um 2,5 sm sinnum 1,5 sm að stærð, sem engin sérstök skýring hefur komið fram á og 14 sm breiður kámblettur á innanverðri hægri skálm, sem O kvað fyrir dómi mögulega geta hafa myndast við það að skálmin hafi strokist yfir blóðugan sokk sem haldlagður var í íbúð ákærða. Kvað vitnið sokk þennan hafa verið á hægri fæti, miðað við óhreinindaferla, en ljósleit óhreinindi á sokknum geti samræmst því að gengið hafi verið á steypu gólfi eins og því sem er að finna í stigagöngum fjölbýlishússins.

Þá er til þess að líta að ofanvert á nefndum hægri sokk reyndust vera nokkrir blóðblettir úr brotapola. Staðhæfði fyrrnefndur O að blettir þessir væru dropalaga og að það sé sameiginlegt álit þeirra N blóðferlasérfræðings að þeir hafi líklegast fallið lóðrétt, eða því sem næst, niður á sokkinn, þótt ekki yrði um það fullyrt með fullri vissu sökum þess úr hvernig efni sokkurinn væri gerður. Kvað vitnið þessa bletti geta samræmst svokölluðum „90° blóðblettum“ sem fundist hafi á svalagólfi vinstra megin við brotapola, rétt utan við svalaþröskuldinn, á þeim stað þar sem gerandi er talinn hafa verið staðsettur samkvæmt niðurstöðum vettvangsrannsókna, en tók fram að ekkert verði um það fullyrt út frá blettunum á sokknum sjálfum hvenær í atburðarásinni þeir hafi myndast.

Í skýrslu um blóðferlagreiningu kemur fram að líklegast sé að droparnir á svalagólfinu vinstra megin við líkið (90° blettirnir) hafi dropið af eggvopninu niður á svalagólfið. Í framburði skýrsluhöfundar, fyrrnefnds N, fyrir dómi orðaði hann það svo að blettirnir geti hafa komið frá áhaldi eins og eggvopni eða blóðugum höndum og tók fram að blóðblettir verði aldrei öðruvísi en hringlaga falli þeir beint niður á sléttan flöt. Eru þetta einu hringlaga blettirnir sem vikið var að í skýrslunni og framburði N fyrir dómi. Má þó á ljósmyndum af blóðslóðinni sem lá úr stofu íbúðarinnar, þar sem hún lá yfir þröskuld út á svalir, greina töluverðan fjölda dropa sem virðast með hringlaga útlit í kringum blóðpoll stofumegin þröskuldsins og á þröskuldinum sjálfum. N var ekki spurður sérstaklega að því fyrir dómi hvort þessir 90° blettir á svalagólfinu, sem eru vinstra megin við bæði blóðferilinn og líkið þar sem það fannst á svalagólfinu, frá svaladyrunum séð, kynnu mögulega að eiga sér aðra skýringu en hann hafði gefið, svo sem þá að dropað hafi af líkama brotapola er hann var dreginn yfir þröskuldinn.

Þegar litið er til ummerkja samkvæmt ljósmyndum sést greinilega að blóðferillinn á svalagólfinu, þar sem hann er sterkastur, nær upp á þröskuldinn sjálfan utanvert á svölunum, en af því telur dómurinn óhjákvæmilegt að álykta að a.m.k. einhver hluti líkama eða blóðugs fatnaðar brotaþola hljóti að hafa verið þar í snertingu við þröskuldinn og síðan svalagólfið. Í því sambandi er til þess að líta að samkvæmt krufningarskýrslu og framburði fyrrnefnds réttarmeinafræðings var brotaþoli með sár á vinstra læri sem hann kvað einhverja blæðingu hafa verið úr og samkvæmt skýrslu um rannsókn á fatnaði brotaþola var töluvert blóð á framanverðri vinstri skálm buxna hans. Einnig sést á ljósmyndum að bæði íþróttabuxur og síðar ullarnærbuxur sem brotaþoli klæddist hafa dregist niður um hann og sést að strengur íþróttabuxnanna liggur ofarlega á aftanverðum lærum hans, sem að áliti dómsins kann að samræmast því að buxurnar hafi dregist niður við það að brotaþoli var dreginn yfir þröskuldinn þótt önnur skýring verði ekki útilokuð. Þá verður séð af ljósmyndum að sumir hinna hringlaga blóðbletta á svalagólfinu liggja það langt til vinstri frá blóðferlinum, eftir að komið er út á svalirnar, að komið er út fyrir svaladyrapóstinn vinstra megin. Verður ekki séð hvernig þeir blettir gætu hafa fallið lóðrétt af líkama brotaþola nema honum hafi verið sveiflað til vinstri rétt eftir að komið er yfir þröskuldinn, en ætla mætti að um það hefðu þá verið merki í blóðferlinum, miðað við framburð N fyrir dómi. Aðrir blettanna liggja hins vegar nær blóðferlinum utan við svaladyrnar.

Þegar allt framangreint er virt telur dómurinn ekki útilokað að efri hluta líkama brotaþola kunni, er hann var dreginn yfir þröskuldinn, að hafa verið lyft nægilega frá jörðu til að a.m.k. þeir hringlaga dropar sem næstir eru blóðferlinum úti á svalagólfinu kunni að hafa fallið af líkama hans, en allan vafa í þessum efnum verði að meta ákærða í vil. Í þessu samhengi er m.a. horft til fyrrnefndrar niðurstöðu sérfræðinga, að skammur tími hafi liðið frá því að brotaþoli fékk hina alvarlegu áverka á efri hluta brjóstkassans þar til andvana líkama hans var dreginn nær viðstöðulaust út á svalirnar.

Framburður ákærða hefur, eins og nánar verður vikið að síðar, verið bæði óljós og reikull um athafnir hans í íbúð brotaþola eftir að hann kveðst hafa komið að honum látnum, m.a. um það hvar og hve langt hann hafi dregið brotaþola og hvort hann hafi haldið í hendur eða axlir brotaþola er hann dró hann til. Þrátt fyrir það, þegar litið er til þess sem að framan hefur verið rakið um rannsóknargögn og framburð vitna fyrir dómi, fellst dómurinn á það með ákærða að ekki teljist útilokað að allir þeir blóðblettir sem fundust á buxum hans og sokk geti hafa skýrst af lýstri meðhöndlun hans á brotaþola látnum og að virða verði vafa um tilurð blóðblettanna honum í vil.

Af hálfu ákærða er auk þess bent á að ekkert blóð hafi fundist á þeim tveimur yfirhöfnum, hvítum hettupeysum eða jökkum, sem hann kvaðst fyrir dómi líklegast hafa verið klæddur báðum, annarri utan yfir hinni, og bent á að sérfróð vitni hafi fyrir

dómi lýst þeirri skoðun að líklegast hefðu átt að finnast blóðslettur a.m.k. fremst á ermi geranda.

Til þess er að líta að ákærði er einn til frásagnar um það hverju hann klæddist á meðan hann dvaldi í íbúð ákærða. Kveðst hann hafa setið þar að spjalli við brotþola í dágóða stund, eða í um 30-40 mínútur, og getur ekki talist ólíklegt að ákærði kunni að hafa brugðið sér úr yfirhöfn á þeim tíma, en samkvæmt framburði ákærða fyrir dómi skildi hann eftir skófatnað sinn í forstofu íbúðarinnar. Jafnframt kom fram hjá ákærða að hann kunni að hafa verið í stuttermabol innst fata, en slík flík reyndist ekki á meðal þeirra flíka sem haldlagðar voru við frumrannsókn lögreglu og ekki virðist hafa verið gætt að því frekar. Þá verður ekki hjá því litið sem ljóst er af ljósmyndum, þrátt fyrir það álit sérfróðra vitna sem lýst er hér að framan, að um smáa frákastsbletti er að ræða á svölunum, þótt þeir hafi dreifst langar vegalengdir. Samkvæmt vitnisburði fyrrgreinds réttarmeinafræðings féll blóðþrýstingur í líkama brotþola mjög fljótt eftir að hann fékk stungusárin í brjóstið og virðist því í raun lítið blóðmagn hafa komið frá öðrum áverkum sem síðar voru veittir, t.d. í andliti.

Af hálfu ákærða er á það bent að ekkert blóð hafi fundist á höndum hans eftir handtöku. Fyrir dómi lýsti nefndur sérfræðingur lögreglu, O, því að æskilegt hefði verið að tekin hefðu verið stroksýni af höndum ákærða víðar en í bitsári, en vitnið benti jafnframt á að ummerki um blóð hafi fundist í vatnslás vasks á baðherbergi í íbúð brotþola. Verður að taka undir það álit sem vitnið lét í ljós að sú staðreynd að blóðleifar fundust í vatninu bendi eindregið til þess að blóð hafi farið niður í vaskinn síðast þegar hann var notaður, þótt ósannað sé hvenær það var og úr hverjum það blóð hafi verið. Eins og fram er komið staðhæfir ákærði að hann hafi farið inn á baðherbergið og kastað af sér þvagi skömmu áður en kastaðist alvarlega í kekki með honum og brotþola um miðnættið 7. maí sl.

Samkvæmt rannsóknargögnum fundust dýraspor í fyrrnefndri blóðslóð á gólfi íbúðar brotþola. Samkvæmt framburði sérfróðra vitna var slóðin það þunn að blóðið þar hefur verið fullstorknað innan fárra mínútna og hljóti dýrið því að hafa verið á staðnum um það leyti er blóðferillinn myndaðist. Bar blóðferlasérfræðingurinn N um að hafa tekið þátt í tilraunum með storknun blóðs þar sem blettir hafi þornað á 15 mínútum, en að slóðin í íbúð brotþola hafi verið þynnri en þeir blettir. Taldi vitnið því ekki geta hafa liðið meira en 15 mínútur frá því að ferillinn myndaðist þar til dýrið steig í hann. Réttarmeinafræðingurinn I kvaðst telja að miðað við þykkt ferilsins hafi það tekið hann innan við 2 mínútur að þorna, að hámarki 5 mínútur, þannig að spor hefðu ekki myndast að þeim tíma liðnum. Samkvæmt framburði M rannsóknarlögreglumanns voru sporin talin eftir hund, fremur en t.d. kött, miðað við stærð þeirra.

Samkvæmt framburði ákærða var hann með hund sinn með sér í íbúð brotþola í greint sinn. Hefur ákærði m.a. staðhæft að hundurinn hafi verið lokaður af í forstofunni er hann sló til brotþola þannig að hann féll niður í hægindastólinn. Fyrir liggur að við rannsókn lögreglu tókst ekki að „lyfta“ fyrrnefndum dýrasporum í blóðslóðinni á gólfi í íbúð brotþola og bera þau við þófa hunds ákærða. Við athugun fundust heldur ekki blóðleifar á þófum hunds hans, en þegar sú athugun fór fram var svo langt um liðið frá veru hundsins í íbúðinni að ætla má að hann geti hafa sleikt hugsanlegar blóðleifar af sér. Við rannsókn lögreglu kom ekkert fram um að annar hundur en hundur ákærða gæti hafa verið á ferð í íbúð brotþola umrædda nótt.

Verður þá að líta nánar til þess hvernig framburði ákærða hefur verið háttað við meðferð málsins og þá fyrst til þess sem fyrir liggur um viðbrögð hans við komu lögreglu í kjölfar útkallsins laust eftir miðnættið þann 7. maí sl.

Ákærði hefur staðfastlega borið um að hafa talið brotþola látinn er hann hringdi í Neyðarlínuna, eins og raunar kemur fram í því símtali. Engu að síður leyndi hann þeirri vitneskju sinni eða hugrenningum og þrætti auk þess fyrir það við lögreglumenn, sem komu á vettvang, að hafa yfirleitt hringt í Neyðarlínuna. Afvegaleiddi ákærði með lýstu framferði sínu vísvitandi lögreglu og kom þannig í veg fyrir að lík brotþola fyndist strax um nóttina. Ákærði kvaðst fyrir dómi ekki geta skýrt hvers vegna hann þrætti fyrir símtalið, en gaf þá skýringu eina að hann hafi óttast að aðstæður litu ekki hagstætt út fyrir hann, í ljósi þess að hann hafði átt í útistöðum við brotþola skömmu áður en hann kom að honum látnum.

Dómurinn lítur svo á að jafnvel þótt litið sé til þess að viðbrögð manna í ölvunarástandi geti verið órökrétt verði ekki fram hjá því horft að lýst viðbrögð ákærða bendi sterklega til þess að hann hafi fundið til sektar, sem kemur illa heim og saman við þann framburð hans að hafa einvörðungu slegið brotþola nokkrum sinnum utan undir með flötum lófa.

Þá er til þess að líta að í nefndu símtali við Neyðarlínuna kvaðst ákærði hafa „kýlt“ manninn einu sinni og tók fram að maðurinn hafi ráðist á sig. Aðspurður hve langt væri síðan þetta gerðist sagði hann: „Þetta var bara að gerast“. Þetta samræmist í engu framburði ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi, þar sem hann hefur einungis lýst kinnhestum sjálfs sín og beinlínis borið um að brotþoli hafi í engu svarað árás sinni, auk þess sem hann hefur haldið því fram að hann hafi yfirgefið íbúðina í dágóða stund eftir að hafa slegið brotþola.

Eins og rakið er hér að framan gaf ákærði þrívegis skýrslu hjá lögreglu, í öllum tilvikum að viðstöddum verjanda. Við fyrstu skýrslutökuna, 7. maí sl., nýtti hann sér að mestu réttinn til að tjá sig ekki. Eru það því einkum skýrslugjafir hans 16. maí og 9. júlí sl. sem horfa verður til, auk símtalsins við Neyðarlínuna.

Við mat á framburði ákærða verður að líta til þess sem fyrir liggur um ölvun hans umrætt sinn og þess sem hann hefur borið um áralangan áfengisvanda sinn. Benda gögn málsins til þess að hann hafi verið orðinn verulega ölvaður, a.m.k. er leið á viðveru hans í íbúð brotaþola. Er þar um litið til framburðar ákærða sjálfs og sambyliskonu hans um ölvunarstig hans og áfengisneyslu, framburðar lögreglumanna sem afskipti höfðu af honum um nóttina og niðurstöðu mælinga á áfengismagni í blóði hans og þvagi daginn eftir, þótt niðurstöður matsgerðar, þar sem reiknað var til baka mögulegt áfengismagn í blóði ákærða um eittleytið umrædda nótt, verði ekki fyrirvaralaust lagðar til grundvallar. Má auk þess greina ölvun ákærða á upptöku símtals hans við Neyðarlínuna.

Um ákveðin atvik getur framburður ákærða í gegnum skýrslutökur hjá lögreglu og fyrir dómi í sjálfu sér talist stöðugur. Hefur ákærði þannig borið um tiltekin orðaskipti við brotaþola og þá upplifun að brotaþoli væri með þeim orðum að lýsa kynferðislegum áhuga á börnum allt frá því við skýrslutöku 16. maí sl. Fær sá framburður auk þess stoð í framburði F yfirlögregluþjóns um samtal við ákærða í fangaklefa strax þann 7. maí sl. Á hinn bóginn bar framburður ákærða framan af þess merki, hugsanlega sökum ölvunar, að vera ekki sérlega ítarlegur eða greinargóður. Var t.d. ekki annað að skilja af framburði hans hjá lögreglu 16. maí sl. en að hann hafi verið heima hjá sér að drekka bjór fram eftir kvöldi 6. maí sl., utan þess að hafa farið út að leika við hundinn nokkrum sinnum, en við skýrslutöku 9. júlí sl. kom fram að hann hafi auk þess drukkið bjór á veitingastað og við aðalmeðferð málsins kom fram að auk þess hafi hann farið í heimsókn til vinar þetta kvöld og drukkið þar bjór.

Það sem mestu skiptir þó er að framburður ákærða um atvik í íbúðinni, eftir að sú deila reis við brotaþola sem hann hefur lýst, hefur bæði verið óljós og tekið margvíslegum breytingum.

Fyrir það fyrsta bar framburður hans hjá lögreglu merki um verulegt minnisleysi hans um atvik næturinnar, sérstaklega við skýrslutöku 16. maí sl., en á þeim tíma sætti ákærði enn einangrun í gæsluvarðhaldsvistinni. Vísast um það til þess sem að framan var rakið um framburð ákærða við nefnda skýrslutöku, þar sem meðal annars kom fram að viss „eyða“ væri í minni hans frá því að hann tók á brotaþola látnum og dró hann í átt að svölunum, fram til þess er hann hljóp út úr íbúðinni. Við skýrslutöku 9. júlí sl., er einangrun í gæsluvarðhaldsvistinni hafði verið aflétt, gaf ákærði ítarlegri framburð en áður um ýmis smáatriði, sem hann sagði hafa verið að rifjast upp fyrir sér, og kvaðst muna „frekar vel“ það sem gerðist á framangreindu tímabili í íbúð brotaþola. Engu að síður, þegar hann var spurður út í aðkomu sína að brotaþola látnum og athafnir sínar í íbúðinni við það tækifæri, kom enn fram að nokkur „eyða“ væri í minninu frá því er ákærði sagðist hafa dregið brotaþola eftir gölfinu þar til hann hafi hlaupið út úr íbúðinni.

Fyrir dómi kvað ákærði að minni sitt um atvik hafi verið að koma til baka smátt og smátt og nú sé svo komið að hann telji sig hafa samfellda mynd af atburðum. Getur það að áliti dómsins ekki talist trúverðugt að minni ákærða fari batnandi svo löngu eftir atburðinn, heldur sé nærtækari skýring sú að minni ákærða hafi tekið að litast af samtölum við aðra og lestri málgagna, eins og fram kom í framburði G geðlæknis fyrir dómi.

Ákærði viðurkennir að hafa reiðst brotþola þegar hann hafi farið að tala um ungt barn hans en framburður hans fyrir dómi bar þess þó merki að hann vildi draga úr fyrri lýsingum sínum á hamsleysi sínu. Hinn 16. maí lýsti hann því svo hjá lögreglu að hann hafi „algjörlega misst tókin“ á sjálfum sér, eitthvað hafi „smellið í hausnum“ á sér, hann „snappað“ og sagði „ég veit ekkert í rauninni hvað ég gerði við hann“. Samræmast þær lýsingar því sem fram kemur í matsgerð G geðlæknis, sem hann staðfesti fyrir dómi, um að ákærði muni greinilega eftir að hafa „fyllst ofsareiði“ á þessum tímamarki og „marglamið“ brotþola.

Síðast en ekki síst er að líta til þeirra breytinga sem framburður ákærða hefur tekið og hve óljós hann er, einkum um stöðu og staðsetningu brotþola er hann kom að honum látnum, hve langan veg hann hafi dregið brotþola og athafnir hans í íbúðinni, til að mynda hve lengi hann dvaldi þar eftir að hann kom að brotþola látnum og hvort hann hafi teygð þar úr ginpela og hugsað málið, eins og hann bar við upphaf aðalmeðferðar, eða rokið beint út úr íbúðinni eftir að hafa dregið brotþola eitthvað til, eins og hann bar við framhald aðalmeðferðar. Telja verður að allan vafa um efni samtals hans við F yfirlögregluþjón í fangaklefa lögreglustöðvarinnar á Egilsstöðum verði að meta ákærða í hag. Að mati dómsins horfir það eitt þó síður en svo til fullnægjandi skýringar á breyttum framburði ákærða, sem var stöðugur allt fram að aðalmeðferð málsins, um það að brotþoli hafi setið í hægindastól er ákærði kom að honum og lýsti ákærði þessu ítrekað hjá lögreglu.

Mest um vert er að framburður ákærða fer í bága við þá staðreynd sem ljósmyndir sýna glögglega og rannsóknarlögreglumenn og sérfróð vitni hafa borið um á einn veg, að blóðslóð á gólfi íbúðarinnar lá í óslitnum ferli allt frá hægindastól í stofu og út á svalir, fyrir utan „hik“ við þröskuld svaladyranna. Fullyrti N, rannsóknarlögreglumaður og sérfræðingur í blóðferlagreiningu, að útilokað sé að líkami brotþola hafi legið kyrr á þröskuldinum eða annars staðar á leiðinni út á svalir, enda hefði blóðslóðin þá borið þess merki. Styður framburður fyrrnefnds réttarmeinafræðings þennan framburð N. Fullyrti N, og tóku önnur vitni undir það með honum, að ummerki bentu til þess að atburðarásin hafi verið hröð. Þá verður ekki hjá því litið að telja verður sannað, m.a. með vísan til blóðferla á svölunum, að langflest stungusárin, þ.e. á höfði, hafi verið veitt brotþola þar sem hann lá lífvana á svölum íbúðarinnar. Líkt og rakið hefur verið hér að framan hefur ákærði ýmist

viðurkennt að hafa dregið brotþola í átt að svölunum, eða dregið hann til á þeim, auk þess sem áður er rakið um „eyðu“ í minni ákærða um þau atvik framan af í framburði hans hjá lögreglu. Þá samræmist framburður ákærða að öðru leyti ekki ummerkjum á vettvangi, t.d. kvaðst hann sérstaklega aðspurður fyrir dómi ekki telja sig hafa velt brotþola við, enda þótt ummerki á vettvangi bendi eindregið til þess að brotþola hafi verið velt við á svölunum, eins og fram kom t.d. í vitnisburði N.

Samkvæmt framanrituðu getur framburður ákærða um atriði sem verulegu máli skipta hvorki talist stöðugur né trúverðugur.

Eins og fram er komið er vörn ákærða einkum á því reist að ekki sé komin fram lögfull sönnun um sekt hans og verði ákærvaldið, í samræmi við 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að bera hallann af sönnunarskorti í málinu.

Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að vafi leiki á um það hvernig nákvæmlega það gerðist að blóð úr brotþola komst á fatnað ákærða, sem meta verði honum í vil. Þrátt fyrir það, þegar litið er til alls þess sem hér að framan hefur verið rakið, er það álit dómsins að vafi um sekt ákærða í máli þessu sé harla lítil.

Eins og fyrr var rakið er ákærði einn til frásagnar um síðustu stund brotþola og atburði í íbúð hans. Enda þótt ekki verði með fullri vissu sagt til um nákvæma framvindu atburða leiddi vettvangsrannsókn í ljós hvernig atburðarás hlýtur að hafa verið háttáð í grófum dráttum, eins og að framan er rakið. Með vísan til framburðar fyrrnefnds réttarmeinafræðings verður að telja sjálfsvíg í reynd útilokað. Haldi ákærði með réttu fram sakleysi sínu hlýtur það að fela í sér að annar óþekktur einstaklingur, og þá helst með hund meðferðis, hafi verið að verki aðfaranótt þriðjudagsins 7. maí sl., er allt var með kyrrum kjörum í fjölbýlishúsinu á Egilsstöðum og nágrenni þess. Ekkert er fram komið sem styður það að brotþoli, öryrki og einstæðingur á sextugsaldri, hafi átt sér óvildarmenn. Verður ekki annað séð en að við rannsókn málsins hafi til að mynda þær ásakanir sem fólust í framburði ákærða um hugsanlega barnagirnd brotþola, verið rannsakaðar svo sem frekast var unnt, án þess að nokkur stoð hafi fyrir þeim fundist. Liggur því ekkert fyrir um það hvað hugsanlegur annar gerandi gæti hafa átt sökótt við brotþola.

Ákærði hefur aftur á móti allt frá upphafi lýst því að hann hafi reiðst brotþola og veist að honum í stofu íbúðarinnar, til móts við hægindastól við hlið sófa, sem er sami staður og sá sem vettvangsrannsókn leiddi í ljós að hafi verið upphafsstaður árásar á brotþola, þar sem hann hafi hlotið tvær banvænar stungur í brjóstið. Hefur ákærði ávallt borið um að þeir tveir hafi verið einir staddir í íbúð brotþola, fyrir utan hund ákærða. Hefur hann og borið um að hafa ekki orðið var við neinar mannaferðir í grennd við fjölbýlishúsið á meðan hann var, samkvæmt eigin frásögn, utan íbúðarinnar í 20-30 mínútur eftir að hafa veist að brotþola en áður en hann kom að honum látnum.

Við þetta bætist að samkvæmt því sem fyrir liggur um tímasetningar í málinu, sérstaklega þegar litið er til þess að ekkert bendir til þess að annað dýr hafi verið á vettvangi og til framburðar fyrrnefnds réttarmeinafræðings og blóðferlasérfræðings um hve skammur tími getur mögulega hafa liðið frá því að blóðferillinn á gólfi íbúðar brotaþola myndaðist þar til dýr á stærð við hund steig í hann, er ljóst að ráðrúm annars geranda til þess að vinna þann verknað sem lýst er í ákæru, án þess að ákærði yrði þess var er hann sneri aftur, hefur verið lítið sem ekkert.

Þegar allt framangreint er heildstætt virt er það niðurstaða dómsins að með þeim sönnunargögnum sem ákærvaldið hefur fært fram í málinu sé, gegn neitun ákærða, hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi umrætt sinn veist að brotaþola, A heitnum, í íbúð hans og banað honum með hnífi, eins og nánar er lýst í ákæru. Er brot ákærða réttilega heimfært í ákæru til 1. mgr. 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ekki er í ljós leitt hvað ákærða gekk til með verknaði sínum, en svo virðist sem æði hafi runnið á hann, en að þar hafi til viðbótar komið annarlegar hugsanir og ölvunarástand. Fallist verður á þá niðurstöðu dómkvadds matsmanns, G geðlæknis, að ákærði teljist sakhæfur og að ekkert sé fram komið sem geri það að verkum að draga megi í efa að refsing geti borið árangur.

Ákærði er 25 ára að aldri. Sakaferill hans samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ekki áhrif við ákvörðun refsingar hans í máli þessu.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður til þess litið að rannsóknargögn benda til þess að atлага ákærða hafi verið ofsafengin og hrottaleg og jafnframt svo skyndileg að brotaþoli hafi litlum sem engum vörnum við komið. Verður að líta svo á að ákærði hafi haft ásetning til að vinna slíkt tjón sem raun varð á. Það hátterni ákærða að afvegaleiða lögreglu eftir að hann framdi brot sitt horfir síst til þess að milda refsingu hans. Ljóst er, eins og áður var rakið, að ákærði hefur verið undir verulegum áfengisáhrifum þegar brot hans var framið, en ekki leysir það hann undan refsingu, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt framburði ákærða þekktust þeir brotaþoli ekkert fyrir umrætt kvöld. Ákærði hefur borið um að brotaþoli hafi gefið til kynna að hann hefði kynferðislegan áhuga á börnum og látið orð falla um ungt barn hans, sem orðið hafi þess valdandi að ákærði réðst á hann. Hefur framburður ákærða um þetta atriði verið stöðugur, eins og fyrr var rakið. Um samskiptin er ákærði þó einn til frásagnar og verður ekki hjá því litið að ölvun beggja kann að hafa sett mark sitt á þau og valdið misskilningi. Ekkert hefur komið í ljós við rannsókn málsins sem bent getur til þess að ásakanir ákærða eigi við rök að styðjast. Jafnvel þótt fullyrðingar ákærða um samskipti hans og brotaþola yrðu lagðar til grundvallar, er verknaður ákærða svo

alvarlegur að ekki getur komið til álita að virða aðdragandann honum til refsilækkunar, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga.

Að öllu framanrituðu virtu og m.a. með hliðsjón af 1., 2., 3., 6., 7. og 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 16 ár, en hann þykir ekki eiga sér málsbætur. Gæsluvarðhaldsvist sem ákærði hefur sætt óslitið frá 7. maí 2013 skal koma til frádráttar refsingunni að fullri dagatölu, sbr. 76. gr. sömu laga.

Samkvæmt úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar. Samkvæmt yfirlitum ríkissaksóknara og lögreglustjórans á Eskifirði, sem studd eru reikningum, féll til kostnaður við rannsókn málsins að fjárhæð 1.789.470 krónur, en til viðbótar voru af hálfu ákærvalds fyrir dómsuppsögu lagðir fram reikningar vegna ferðakostnaðar vitnis að fjárhæð 139.210 krónur og vegna viðbótar DNA-rannsóknar, sem sakflytjendur voru sammála um að afla, að fjárhæð 456.984 krónur. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hrl., þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af tímayfirliti verjandans að fjárhæð 1.330.300 krónur, en auk þess ber að bæta verjandanum útlagðan kostnað vegna mætinga annarra lögmannna við þinghöld og ferðakostnað vegna aðalmeðferðar, alls 112.059 krónur. Þóknun Evu Dísar Pálmadóttur hrl., sem upphaflega var skipuð verjandi ákærða, þykir hæfilega ákveðin 125.500 krónur. Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar verjendanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Samtals verður ákærði því dæmdur til að greiða 3.953.523 krónur í sakarkostnað.

Dómur þessi er kveðinn upp af Hildi Briem héraðsdómara sem dómsformanni, ásamt meðdómsmönnum Halldóri Halldórssyni héraðsdómara og Ólafi Ólafssyni héraðsdómara, miðvikudaginn 23. október 2013 kl. 14:25, í dómsal Héraðsdóms Austurlands að Lyngási 15, Egilsstöðum.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í sextán ár, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 7. maí 2013 kemur til frádráttar refsingunni að fullri dagatölu.

Ákærði greiði alls 3.953.523 krónur í sakarkostnað. Eru þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hrl., að fjárhæð 1.330.300 krónur og útlagður kostnaður verjandans að fjárhæð 112.059 krónur. Einnig er þar meðtalin þóknun Evu Dísar Pálmadóttur hrl., sem fyrir var skipuð verjandi ákærða, að fjárhæð 125.500 krónur.

Hildur Briem

Halldór Halldórsson

Ólafur Ólafsson